

EIDIS ANNA BJÖRNSDÓTTIR
Keypti tíu dala silfurpeysu
Tíska Heimili Heilsa
allt í MIDJU BLADSINS



STRÁKARNIR
Slá X-Factor við
Fimm hundruð manns hafa skráð sig í Leitina
FÓLK 66



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

1. mars 2007 – 59. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FIMMTUDAGUR

Skrautlegir keppinautar

Eiríkur Hauksson berst við dragdrottningu frá Danmörku.

FÓLK 56



Ójöfnuður í samhengi

„Stóraukinn ójöfnuður á Íslandi síðustu ár er áhyggjuefni m.a. vegna þess, að fámenn samfélög búa yfirleitt við meiri jöfnuð og frið en fjölmennari og sundurleitari samfélög,“ segir Þorvaldur Gylfason.

í DAG 28

Enginn stjórnandi

Tónlistarhúsið við höfnina í Reykjavík rís hratt en enginn listrænn stjórnandi hefur verið ráðinn.

MENNING 44




Frábær sigur Gummersbach

Íslendingaliðið Gummersbach gerði sér lítið fyrir og lagði topplið Flensborgar í þýsku úrvalsdeildinni í gær.

ÍPRÓTTIR 60



VEÐRIÐ Í DAG



BREYTINGAR - Í dag verður vaxandi austanátt sunnan og vestan til, 10-18 m/s með ströndum í kvöld. Hægari annars staðar. Stöku el norðan til og austan og síðan sunnan til eftir hádegi í dag og vestan til í kvöld. Frost 2-8 stig.

VEDUR 4



Í ÓÐA ÖNN AÐ MERKJA Starfsmenn Fjarðarkaupa í Hafnarfirði unnu hörðum höndum við að verðmerkja vörur upp á nýtt í gær. Virðisaukaskattur á matvöru verður sjö prósent frá og með deginum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

Verðlækkunarir í dag

Virðisaukaskattur á matvörum, geisladiskum, bókum og öðru lækkar í dag. Verð til neytandans lækkar um sex til fjórtán prósent. Vörugjöld á matvörum verða einnig felld niður. „Þótt fyrr hefði verið,“ segir verslunarstjóri Melabúðarinnar.

NEYTENDAMÁL Virðisaukaskattur á matvöru lækkar í sjö prósent í dag. Vörugjöld á matvælum öðrum en sykri og sætindum fellur niður, auk þess sem virðisaukaskattur af veitingajónustu, geisladiskum, bókum, blöðum og tímaritum lækkar í sjö prósent.

Flest matvæli báru áður fjórtán prósent virðisaukaskatt, en á gosdrykkjum, sælgæti og öðrum vörum var hann 24,5 prósent. Lækkunin í dag færir virðisaukaskattinn niður í sjö prósent, hvort sem hann var fjórtán eða 24,5 prósent áður.

Samkvæmt upplýsingum frá Neytendastofu má ætla að verð til neytenda lækki um rúm sex prósent þar sem virðisaukaskattur var áður fjórtán prósent, en

um rúm fjórtán prósent þar sem skatturinn var áður 24,5 prósent. Vörugjöld á flestum þeim matvælum sem báru þau áður falla niður í dag, og almennir tollar á innfluttum ónunnum kjötvörum lækka um allt að fjórtíu prósent.

Matvæli eru ekki einu vörurnar sem lækka í verði í dag. Virðisaukaskattur á geisladiskum og hljómplötum lækkar úr 24,5 prósentum í sjö, og verðið því um rúm fjórtán prósent. Virðisaukaskattur á bókum, tímaritum, blöðum og húshitum, sem og veggjald í Hvalfjarðargöngin, lækkar úr fjórtán prósentum í sjö.

Virðisaukaskattur af hótelligingu lækkar þar að auki úr

fjórtán prósentum í sjö og skattur af veitingajónustu lækkar í sjö prósent, en hann var áður 24,5 prósent.

Fríðrik Ármann Guðmundsson, verslunarstjóri Melabúðarinnar, sagði starfsfólk sitt vera í startholunum með verðmiðana þegar talað var við hann í gærkvöldi. „Við lokum klukkan átta og verðum að merkja fram eftir kvöldi. Það þarf að taka alla gömlu verðmiðana og setja nýja í staðinn.“

Hann segir ekkert minna hafa verið að gera í gær en venjulega, þrátt fyrir að það hafi verið seinasti dagur fyrir verðlækkun. „Ég er mjög ánægður með þessa skattalækkun. Þótt fyrr hefði verið, segi ég bara.“ - sfs/sj sjá síðu 18

Næsti forsætisráðherrann: Helmingur vill Geir H. Haarde

SKOÐANAKÖNNUN Tæp 49 prósent segjast vilja að Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, verði næsti forsætisráðherra, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. Í könnun Fréttablaðsins í nóvember á síðasta ári nefndu tæp 48 prósent nafn hans.

Tæp 26 prósent segjast vilja að Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri græns, verði næsti forsætisráðherra. Fleiri nefna nú nafn hans en í nóvember þegar tæp sautján prósent nefndu hann.

Tæp níttján prósent segjast nú vilja að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, verði næsti forsætisráðherra. Færri nefna nú hennar nafn en í nóvember, þegar 22 prósent vildu að hún yrði forsætisráðherra.

- ss/sjá síðu 6



MAHMOUD AHMADINEJAD Sendir fulltrúa sinn til Íraks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðstefna um Írak:

Bandaríkin og Íran taka þátt

ÍRAN, AP Öll nágrannaríki Íraks, þar á meðal Íran og Sýrland, hafa fallist á að taka þátt í ráðstefnu um ástandið í Írak, sem haldin verður í Bagdad um miðjan mars.

Fulltrúar Bandaríkjanna, Bretlands og Kína verða á ráðstefnunni, og líklega Rússar og Frakkar einnig, auk nágrannaríkjanna Sádí-Arabíu, Tyrklands, Egyptalands, Jórdaníu, Kúvætt og Barein. Markmiðið er að finna leið til friðar í Írak.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hefur staðfest að Bandaríkin verði með og að þau styðji það að Írönum og Sýrlandingum sé einnig boðið. - gb

Stefna í máli Vestmannaeyjabæjar gegn olíufélagunum send lögmönnum:

Krefst bóta vegna samráðsins

DÓMSMÁL Vestmannaeyjabær krefst rúmlega 27 milljóna króna skaðabóta vegna samráðs olíufélaganna fyrir útboð bæjarins í apríl 1997. Stefnan var send lögmönnum olíufélaganna í gær en málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur á næstu dögum. Þetta staðfesti Steinar Guðgeirsson, hæstaréttarlögmaður og faglegur framkvæmdastjóri Lögfræðistofu Reykjavíkur, í gær.

Í stefnunni kemur meðal annars fram að olíufélagin hafi greitt hlutdeild í framlegð af viðskiptum við

Vestmannaeyjabæ sín á milli. Er meðal annars vitnað til bréfs framkvæmdastjóra markaðsviðskipta stórvæðskipta hjá Skeljungu sem hann sendi Olís og Olíufélaginu, nú Keri, 10. mars 1998. Í bréfinu er gerð grein fyrir boði Skeljungs um að greiða Olíufélaginu og Olís hluta af framlegð vegna viðskipta við Hafnarsjóð Vestmannaeyja. Í bréfinu er þess jafnframt krafist að Olíufélagið greiði Olís og Skeljungu hlutdeild í framlegð vegna annarra viðskipta við Vestmannaeyjabæ.

- mh/sjá síðu 4

LAGER SALA
LAGERSALA SKÍFUNNAR
SKEIFUNNI 17
OPIÐ ALLA DAGA VIKUNNAR
11-19

Blöðrudagar í BLAZE
á Selfossi dagana 2-3 mars. 5-100% afsl.
Komdu og líttu við

HERRAVERSLUNIN
BLAZE
AUFNÆMINGU 9 SELFOSI 1-3 482-4824

SÝNING UM HELGINA
VÍKUR
V • E • R • K
VÍKURHVARFI 6



ELDHÚS

DESIGNA® ER MARGVERÐLAUNUÐ DÖNSK HÖNNUN
DESIGNA VAR VALIÐ IÐNFYRIRTÆKI ÁRSINS 2006 Í DANMÖRKU



352.000 kr.

Designa - Alu Grebsfri
Stílhrein og sérstök innrétting með innfelldu álgripi



225.000 kr.

Designa - Evely Beach
Norræn hönnun með gott notagildi og nægu geymsluplássi



345.000 kr.

Designa - Udénese
Allt sem gott eldhús þarf að hafa ásamt glæsilegri eyju



285.000 kr.

Designa - Rimini
Stílhrein og rúmgóð ásamt eyju með nægu geymsluplássi

VELKOMIN HEIM

EGG er með allt til að innrétta og fegra heimilið þitt

 **EGG**
SMÁRATORGI

*Verð miðast við innréttingu og sókkul

GJALDMIDLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,17	67,49
Sterlingspund	131,33	131,97
Evra	88,54	89,04
Dönsk króna	11,878	11,948
Norsk króna	10,915	10,979
Sænsk króna	9,528	9,584
Japanskt jen	0,5660	0,5694
<hr/>		
SDR	100,99	101,59
<hr/>		
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
		121,1367
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands afhent á Bessastöðum í gær:

Læknanemi hlaut verðlaunin

MENNTUN Martin Ingi Sigurðsson, 24 ára gamall læknanemi við Háskóla Íslands, hlaut í gær Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands.

Martin Ingi var verðlaunaður fyrir verkefni um áhrif aldurs á utangnamengi mannsins. Honum tókst meðal annars að sýna fram á að mengin breyttust með árunum. Verkefnið var unnið í tengslum við líkan um tilurð sjúkdóma, sem leiðbeinendur Martins bjuggu til.

„Þetta er auðvitað fyrst og fremst gríðarlegur heiður og viðurkenning á mínu starfi og afskaplega ánægjulegt,“ segir Martin. Hann er sérstaklega ánægður með að verðlaunin séu kennd við forseta Íslands, það greiði fyrir þegar sótt sé um skóla.

„Það er mjög gagnlegt fyrir fólk sem hyggur á framhaldsnám erlendis að fá svona viðurkenningu. Hún hjálpar fólk til að komast til náms erlendis og ég vonast til að hún hjálpi mér nú líka.“



FRÁ AFHENDINGU VERÐLAUNANNA Læknaneminn segir að verðlaunin gagnist honum mikið og séu gríðarlegur heiður.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Svo er þetta auðvitað mikil hvatning til að halda áfram með rannsóknirnar,“ segir Martin, en hann stefnir á að birta niðurstöður sínar í vísindatímariti í lok þessa árs.

- kóp

Samfylking í NV-kjördæmi: Vilja gjaldfrjáls Hvalfjarðargöng

SAMGÖNGUR Fulltrúar Samfylkingarinnar í Norðvesturkjördæmi vilja að Hvalfjarðargöngin verði gjaldfrjáls. Virðisaukaskattur á veggjald í Hvalfjarðargöngunum lækkar úr fjórtán prósentum í sjö í dag. Einstakar ferðir fólksbíla lækka í 900 krónur.

Á blaðamannafundi í dag munu þingmaður og frambjóðendur flokksins leggja til að veggjald í göngin verði fellt niður. Meðan á fundinum stendur verður öllum öðrum gefin frí ferð í göngin. Fundurinn verður haldinn við norðurenda ganganna, á bílplani fyrir ofan gjaldskýli, klukkan eitt í dag.

- sps

Tími farfuglanna nálgast: Sýnatökur úr fuglum hefjast

HEILBRIGÐISMÁL Sýnatökur úr farfuglum sem koma hingað til lands hefjast um miðjan næsta mánuð, að sögn Halldórs Runólfssonar yfirdýralæknis hjá Landbúnaðarstofnun.



HALLDÓR RUNÓLFSSON

„Við munum vinna eftir svipaðri áætlun og við unnum í fyrra,“ segir yfirdýralæknir. „Á síðasta sumri voru tekin um 400 sýni úr villtum fuglum og síðari hluta árs voru tekin önnur 400 úr alifuglum. Við reiknum með því, að öllu óbreyttu, að halda svipuðum dampi.“

- jss

Stofnun stjórnmálasambands:

Samband við Austur-Kongó

UTANRÍKISMÁL Íslensk stjórnvöld hafa stofnað til stjórnmálasambands við Mið-Afríkuríkið Austur-Kongó. Fastafulltrúar ríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, Hjalmar W. Hannesson og Atoke Ileka, undirrituðu yfirlýsingu þess efnis í New York á föstudaginn.

Um sextíu milljónir manns búa í Austur-Kongó, sem er fyrirverandi nýlenda Belgíu og öðlaðist sjálfstæði árið 1960. Sameinuðu þjóðirnar hafa unnið með stjórnvöldum að uppbyggingu lýðræðis og stöðugleika þar eftir blóðuga borgarastyrjöld undanfarna ár.

- sdg

HAFNARFJÖRÐUR

Styrkja auglýsingu

Miðbæjarnefnd Hafnarfjarðar hefur tekið jákvætt í ósk kaupmanna í miðbæ Hafnarfjarðar um styrk til að auglýsa lengri opnunartíma á fimmtudögum í miðbænum.

Greiddu hlutdeild í framlegð sín á milli

Olúfélögin Olís, Skeljungur og Olúfélagið, nú Ker, greiddu hluta af framlegð af viðskiptum við Vestmannaeyjabæ árið 1997 sín á milli. Lögmenn olúfélaganna hafa neitað því. Stefnan í málinu var send lögmönnum olúfélaganna í gær.

DÓMSMÁL Vestmannaeyjabær krefst þess í stefnu, sem send var lögmönnum olúfélaganna í gær, að Vestmannaeyjabæ verði greiddar rúmar 27 milljónir króna í skaðabætur vegna samráðs olúfélaganna fyrir útboð bæjarins, og fyrirtækja í hans eigu, 14. apríl 1997.

Steinar Guðgeirsson, hæstaréttarlögmaður og faglegur framkvæmdastjóri Lögræðistofu Reykjavíkur, staðfesti við Fréttablaðið í gær að stefna í málinu hefði verið send til lögmanna olúfélaganna. Málið verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í byrjun næsta mánaðar.

Steinar segir málið efnislega náskyld máli Reykjavíkurborgar gegn olúfélagunum. Í stefnunni er meðal annars vitnað til gagna um að olúfélögin hafi ákveðið fyrirfram hvernig skipta ætti framlegð á milli félaganna í tengslum við viðskipti olúfélaganna við Vestmannaeyjabæ.

Í bréfi dagsettu 10. mars 1998, sem sent var af framkvæmdastjóra markaðssviðs stórviðskipta hjá Skeljungi til starfsmanna Olís og Olúfélagsins, nú Kers, býðst Skeljungur til þess að greiða Olúfélag-



TANKAR OLÚFÉLAGA Olúfélögin hafa verið úrskurðuð til þess að greiða 1,5 milljarð króna í sekt fyrir samráð. Ýmsir angar samráðsins eru nú fyrir dómstólum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



GÍSLI BALDUR GARDARSSON Segir mál Reykjavíkurborgar gegn olúfélagunum einstakt og ólíkt öðrum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

SAMRÁÐ VIÐ ÚTBOÐ

Í tölvupósti sem Jón Halldórsson, þáverandi framkvæmdastjóri markaðssviðs stórnotenda hjá Olís, sendi til Einars Benediktssonar, forstjóra Olís 12. febrúar árið 2000, segir að í apríl 1997 hafi Vestmannaeyjabær sóst eftir tilboðum í allan sinn rekstur. „Tilboð komu á listaverði frá öllum aðilum þannig að ljóst var að hver héldi sínu,“ segir jafnframt í tölvupóstinum.

Í fundargerð framkvæmdastjórnar Olúfélagsins Esso frá 22. apríl 1997 er meðal annars að finna umfjöllun um útboð Vestmannaeyjabæjar og fyrirtækja bæjarins. Í fundargerðinni segir meðal annars að Þórólfur Árnason, þáverandi framkvæmdastjóri markaðssviðs hafi „rætt þetta útboð við fulltrúa Olís og Skeljungs.“ Í fundargerðinni segir einnig að Þórólfur hafi sagt „frá útboði Vestmannaeyjabæjar og að olúfélögin ættu erfitt með að gefa afslátt frá listaverðum vegna þess fordæmis sem því fylgdi.“

inu og Olís hluta af framlegð vegna viðskipta við Hafnarsjóð Vestmannaeyja. Jafnframt er þess krafist í bréfinu að Olúfélagið greiði Olís og Skeljungi hlutdeild í framlegð vegna annarra viðskipta við Vestmannaeyjabæ.

Lögmenn olúfélaganna hafa til þessa neitað því að framlegðarskipting hafi verið viðhöfð í öðrum útboðum en fyrir útboð Reykjavíkurborgar.

Gísli Baldur Gardarsson, lögmaður Olís og jafnframt stjórnarformaður félagsins, sagði í viðtali við Fréttablaðið eftir að dómur héraðsdóms var kveðinn upp 12. desember í fyrra að mál Reykjavíkurborgar væri ólíkt öðrum málum sem hugsanlega gætu komið til kasta dómstóla. „Þetta tiltekna mál [Reykjavíkurborgar og Strætó bs.] er svolítið sérstakt því þetta er eina málið, af öllum þeim sem voru rannsökuð í umfangsmikilli rannsókn, þar sem fyrir lá að félögin höfðu viðurkennt samráð vegna tilboðs, sammælst um verð, og það kemur okkur því ekki á óvart að það þurfi að borga. Önnur mál eru ekkert lík þessu.“

Þessu mati Gísla Baldurs eru forsvarsmenn Vestmannaeyjabæjar og Steinar Guðgeirsson lögmaður fullkomlega ósammála.

magnush@frettabladid.is

Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á rétttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN
Marco

Opið virka daga: 10-18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500

VEÐURSPÁ

um hádegi »

» á morgun

13-18 m/s víðast hvar.

» laugardagur

Suðaustan strekkingur austan til, annars háguur.

Kaupmannahöfn	4°C rigning	London	11°C hálfskýjað
Þórshöfn	3°C snjökoma	Paris	12°C skúrir
Oslo	1°C snjóel	Frankfurt	12°C skúrir
Stokkhólmur	2°C alskýjað	Friedrichshafen	6°C rigning
Gautaborg	3°C rigning	Berlin	9°C rigning

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Gjafabréf fyrir tvo með
Icelandair fylgir hverjum bíl.

Tilboðsdagar

Bíll og flug og 100% fjármögnun



Verðdæmi miðað við 2005 árgerðir

YARIS 3ja dyra	Tilboð 930.000 kr.	13.651 kr. á mánuði *
YARIS 5 dyra	Tilboð 1.090.000 kr.	15.976 kr. á mánuði *
Corolla	Tilboð 1.290.000 kr.	18.882 kr. á mánuði *
RAV4	Tilboð 2.350.000 kr.	34.282 kr. á mánuði *



YARIS



COROLLA



RAV4

- ✈️ ★ Gjafabréf fyrir tvo frá Icelandair
- ★ 100% lán frá Glitni
- ★ 5000 kr. inneign í Saga Boutique fyrir lántakendur hjá Glitni
- ★ Allt að 50% niðurfelling lántökugjalda hjá Glitni
- ★ Gullvildarkjör hjá Glitni
- ★ Allt að 84 mánaða lánstími

Þetta eru góð dæmi um þá fjölmörgu góðu bíla sem fást á sértíloboði hjá Toyota betri notuðum bílum.

- ★ **Opið til kl. 20, fimmtudag til föstudags, hjá öllum umboðsmönnum Toyota.**

GLITNIR

*Afborgun á mánuði miðað við 100% lán á Gullvildarkjörum Glitnis, 84 mánaða lánstíma og myntkörfu GLS.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL



Ertu hlynt(ur) hugmyndum um netlögreglu?

Já 38,2%
Nei 61,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að refsja fyrir brot á skógræktarlögum?

Segðu skoðun þína á visir.is



Utánríkisráðherra lauk opinberri heimsókn sinni til Suður-Afríku í gær:

Sér málefni Afríku í nýju ljósi

UTÁNRIKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utánríkisráðherra fundaði með Thabo Mbeki, forseta Suður-Afríku, á síðasta degi opinberrar heimsóknar til landsins í gær. Valgerður ræddi um orkumál og viðskipti við forsetann og möguleika á tvíhliða samningum sem íslensk stjórnvöld hafa áhuga á að gera við landið.

„Fundurinn með Mbeki forseta var sérstaklega eftirminnilegur,“ segir Valgerður. „Við ræddum ástandið í Afríku og þá ímynd sem heimsálfan hefur í Evrópu og þá staðreynd að dökk mynd er dregin upp af álfunni almennt. Vissulega eru hér mörg vandamál en ekki síður mörg tækifæri og mikill uppgangur og framfarir á mörgum sviðum.“ Valgerður segir að viðskiptalífið sé að taka við sér í Suður-Afríku og þar sé hagvöxtur, ólíkt því sem gerist víða annars staðar. „Það eru því viðskiptatækifæri hérna, það er ekki nokkur vafi á því.“



KVEÐJUSTUND Thabo Mbeki, forseti Suður-Afríku, og Valgerður Sverrisdóttir utánríkisráðherra. Forsetinn óskaði sérstaklega eftir því að hitta Valgerði.

Valgerður segist hafa minnst á það við Mbeki forseta að Afríka væri frábrugðin því sem hún hafði gert sér í hugarlund fyrirfram. „Það mun hafa áhrif á það hvernig ég mun taka á málum sem varða Afríku til framtíðar.“ Valgerður segir jafnframt að sín fyrsta heimsókn til álfunnar muni skilja eftir afar jákvæðar minningar og ekki sé það síst vegna hversu fólkið er gott heim að sækja.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar:

Hefur frestað framkvæmdum

UMHVERFISMÁL Deiliskipulag um tengibraut við Álafoskvos var dregið til baka af bæjarstjórn Mosfellsbæjar í gær. Stjórnin samþykkti þetta einróma.

Urskurðarnefnd skipulags- og byggingamála hafði áður stöðvað framkvæmdirnar með bráðabirgðaurður. Í honum var bent á að ekki hefði verið gert ráð fyrir mótvægisáðgerðum vegna mengunar í skipulagið.

Í samtali við RÚV sagði Ragnheiður Ríkarðsdóttir bæjarstjóri að í nýju skipulagi verði leitað við að skýra betur mótvægisáðgerðir vegna mengunar sem tengibrautinni fylgir. - kóp

Ákærður fyrir sölu á e-töflum:

Tekinn ásamt foreldrunum

DÓMSMÁL Nýverið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness mál á hendur rúmlega tvítugum manni fyrir að hafa haft í vörslu sinni 418 e-töflur ætlaðar til söludreifingar.

Forsaga málsins er sú að faðir mannsins keypti tvö grömm af hassi hinn 14. júlí á síðasta ári og seldi öðrum manni það síðar sama dag með 1.000 króna hagnaði.

Var hann þá handtekinn fyrir fíkniefnasölu.

Lögreglan gerði í kjölfarið húsleit á heimili hans. Þar fundust 11,44 grömm af mjólkursykursdrýgðu amfetamíni í fórum eiginkonu hans, auk e-taflanna sem sonur hans er ákærður fyrir vörslu á, en þau búa öll á sama stað.

Sakaskrá ríkisins

Í sakaskrá ríkisins sem ríkis-saksóknari færir eru dómur og ákvarðanir um viðurlög vegna brots á almennum hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Einnig vegna brota á öðrum lögum þegar ákveðin er fangelsisrefsing, ákvörðun refsingar er frestað eða ákveðin er réttinda-eða leyfissvipting eða dæmd sekt sem er 50.000 krónur eða hærri, Einnig fara í sakaskrá sáttir lög-reglustjóra vegna brota á hegningarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni. Sömmuleiðis lögreglustjóra sáttir eða sektargerð tollstjóra í máli vegna brots á öðrum lögum. Fangelsisdómur kemur ekki fram á sakavottorði eftir að fimm ár eru liðin frá því skilorðsbundinn dómur er kveðinn upp eða frá því menn eru lausir úr fangelsi.

Ef ekki er um að ræða fangelsisdóm kemur brotið ekki fram á sakavottorði fyrr en þremur árum eftir málalok.



FRÁ SÆLUDÖGUM Í VATNASKÓGI Hjá KFUM og -K er lögð rík áhersla á að starfsmenn í barnastarfinu hafi flekklausan sakaferil. MYND/KFUM

Skoða sakavottorð nýrra starfsmanna

Samkvæmt starfsreglum hjá KFUM og -K er sakaferill allra starfsmanna skoðaður við ráðningu. Engar samræmdar reglur eru hjá ÍSÍ um skoðun á bakgrunni starfsfólks íþróttafélaga. Framkvæmdastjórinn segir menn á varðbergi.

FÉLAGSMÁL Allir sem ráðnir eru til starfa hjá KFUM og -K skrifa upp á beiðni til sakaskrá ríkisins um að félaginu verði afhentar allar upplýsingar um viðkomandi af sakaskránni.

Ragnar Snær Karlsson hjá KFUM segir að þegar menn sækja þar um starf, til dæmis í sumar-búðunum, gangist þeir undir að félagið megi afla upplýsinga um þá hjá sakaskránni.

„Þegar viðkomandi er síðan ráðinn skrifar hann undir bréf sem er sent til sakaskrárinnar. Þá kemur allt saman fram, líka þeir hlutir sem venjulega fyrnast á sakavottorðum,“ segir Ragnar og vísar hér til þess að á venjulegum sakavottorðum komi brot ekki fram að tilteknum tíma liðnum.

Dæmi um þetta er að brot kynferðisbrotamanns sem setið hefur í fangelsi kemur ekki fram á hefðbundnu sakavottorði eftir að fimm ár eru liðin frá því hann er látinn laus.

Að sögn Ragnars hefur enn enginn umsækjandi mótmælt því að gefa upplýsingar um sig af sakaskrá.

„Fólk tekur þessu mjög vel og er ánægt með að þetta skuli gert því það sýnir að það er ákveðin festa til staðar,“ segir Ragnar og upplýsir að sú regla sé í gildi að hætti starfsmáður og byrji aftur sé aftur kallað eftir nýjum upplýsingum úr sakaskránni.

Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, segir að fyrir nokkrum árum hafi komið upp sú

umræða innan hreyfingarinnar að krafist yrði sakavottorða.

„En ÍSÍ hefur ekki boðvald yfir mannráðningum félaganna þannig að við ákváðum að gera ekkert í þessu þá,“ segir Stefán og bendir á að upp undir áttatíu prósent félagsmanna ÍSÍ eru yngri en sextán ára.

„Við erum með barnahreyfingu í höndunum og þurfum alltaf að vera á varðbergi. Þjálfarar hafa verið sakaðir um áreitni og þess vegna höfum við lagt áherslu á að allir séu vakandi. Við höldum formannafundi með forystumönnum íþróttahreyfingarinnar á hverju ári og það kæmi mér ekkert á óvart að við myndum ræða þetta mál þar,“ segir Stefán Konráðsson. gar@frettabladid.is

Aðalfundur SPRON 2007

Aðalfundur SPRON verður haldinn í Borgarleikhúsinu við Listabraut í Reykjavík fimmtudaginn 8. mars 2007 og hefst hann kl. 16.15.

Komin er fram ósk um hlutfallskosningu til stjórnarkjörs á aðalfundinum. Framboðslistum skal skilað til stjórnar fyrir kl. 17.00 mánudaginn 5. mars á skrifstofu sparisjóðsins, Ármúla 13a. Framboðslistum skulu fylgja meðmæli fimm stofnfjäreigenda og samþykki frambjóðenda.

Aðgöngumiðar og atkvæðaseðlar verða afhentir á fundarstað í fundarbyrjun.

Reykjavík, 1. mars 2007
Sparisjóðsstjórnin




Ný könnun Fréttablaðsins um hver fólk vill að verði næsti forsætisráðherra:

Tæpur helmingur vill Geir

SKOÐANAKÖNNUN Tæp 49 prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast vilja að Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, verði næsti forsætisráðherra landsins. 51,4 prósent karla nefna Geir en 45,6 prósent kvenna. Þegar spurt var 7. nóvember hvern fólk vildi sem næsta forsætisráðherra sögðust 47,9 prósent vilja að Geir héldi áfram.

Rúmur fjórðungur, eða 25,8 prósent, segist vilja að Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri græns, verði næsti forsætisráðherra. Lítil munur er á afstöðu eftir kyni, en 26,8 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu nefna Steingrím og 24,3 prósent íbúa á landsbyggðinni. Í könnun blaðsins í nóvember sögðust 16,6 prósent vilja að Steingrímur verði næsti forsætisráðherra. 18,5 prósent segjast vilja að

Hver af eftirtöldum vilt þú að verði næsti forsætisráðherra?
Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eða Steingrímur J. Sigfússon?



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir verði næsti forsætisráðherra. 16,7 prósent karla og 20,5 prósent kvenna nefna nafn hennar. Lítil munur er á afstöðu eftir búsetu. Í könnun blaðsins í nóvember nefndu 22,0 prósent nafn Ingibjargar Sólrúnar.

7,1 prósent vildi ekki að einhver þeirra þriggja yrði næsti forsætisráðherra og nefndi einhvern annan.

Hringt var í 800 kjósendur sem skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var; Hver af eftirtöldum vilt þú að verði næsti forsætisráðherra? Geir H. Haarde, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eða Steingrímur J. Sigfússon? 77,6 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

poef
poef®

Grjóna- púðar

- Vatnshelt nylonefni
- Hrinda frá sér óhreinindum
- Slitsterkir og 100% vatnsheldir
- Hægt að nota utandyra jafnt sem innandyra

VERÐ FRÁ

7.999 kr

VINSÆL
FERMINGAR-
GJÖF

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Vargeðveikt
óánægð

ÉG ER FARIN

Í SPARISJÓÐINN!

Lét gamla bankann

heyra það

Við lögum okkur að þínum þörfum

Það er grundvallaratriði að þú sért í góðu sambandi við það fjármálafyrirtæki sem þú skiptir við. Hjá Sparisjóðnum leggjum við mikinn metnað í að veita góða og persónulega þjónustu með hagsmuni og þarfir viðskiptavina okkar að leiðarljósi. Traust og gott samband er farsælt fyrir báða aðila.

F100/81A



www.spar.is



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína

Skráning víxla í Kauphöll Íslands

Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf., kt. 701086-1399, hefur birt lýsingar vegna skráningar víxla bankans í Kauphöll Íslands og gert aðgengilega almenningi frá og með 1. mars 2007. Eftirfarandi víxlaflokkar hafa verið gefnir út:

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. desember 2006 og skráður í Kauphöll Íslands þann 4. desember 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er STRB 07 0301. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf sem skulu endurgreiddast þann 1. mars 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. desember 2006 og skráður í Kauphöll Íslands þann 4. desember 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er STRB 07 0601. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf sem skulu endurgreiddast þann 1. júní 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. desember 2006 og skráður í Kauphöll Íslands þann 4. desember 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er STRB 07 0901. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf sem skulu endurgreiddast þann 1. september 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.000.000.000 var gefinn út þann 1. desember 2006 og skráður í Kauphöll Íslands þann 4. desember 2006. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er STRB 07 1201. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf sem skulu endurgreiddast þann 1. desember 2007.

Víxlaflokkur að fjárhæð kr. 1.500.000.000 var gefinn út þann 1. mars 2007 og skráður í Kauphöll Íslands þann sama dag. Auðkenni flokksins í Kauphöll Íslands er STRB 08 0301. Víxlarnir eru vaxtalaus eingreiðslubríf sem skulu endurgreiddast þann 1. mars 2008.

Umsjónaraðili skráningarinnar í Kauphöll Íslands er Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf.

Lýsingar er hægt að nálgast á vefsetri Kauphallar Íslands: news.icex.is og á vefsetri útgefanda: www.straumur.net.

1. mars 2007

 **Straumur-Burðarás**
FJÁRFESTINGABANKI

Rekstur grunnskólanna til umræðu á Alþingi:

Vill ræða deilu kennara

ALÞINGI Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, gerði í gær athugasemdir við störf þingsins vegna skorts á umræðu um kjaradeilu kennara. Launanevnd sveitarfélaga og Félag grunnskólakennara slitu nýverið viðræðum sínum um framkvæmd endurskoðunarákvæðis í samningum aðilanna frá því í nóvember 2004.

Sagði Ingibjörg að rekstur grunnskólanna væri stærsta verkefni sveitarfélaganna og að þingið ætti að takast á við þann fjárhagsvanda sem þau ættu í þannig að leysa mætti deiluna. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

GEIR H. HAARDE

það hins vegar vera verkefni deiluaðila að koma sér saman um aðrar leiðir en þá hefðbundnu til að semja.

- þsj

Sakbending aðfinnsluverð:

Sýknaður af hnefahöggi

DÓMSMÁL Karlaður hefur verið sýknaður af því að slá annan hnefahögg í andlitið við söluturn í Austurstræti, með þeim afleiðingum að sá síðarnefndi nefbrotnaði. Sá síðarnefndi krafðist tæplega 700 þúsund króna í skaðabætur.

Framburður þess sem fyrir líkamsárásinni varð var nokkuð á reiki. Þá sýndi lögregla vitni að atburðinum mynd af ákærða sem hafði birst framan á tímariti og sagði hann að þetta væri gerandinn. Hann var því ekki látinn benda á ákærða úr hópi annarra manna og taldi dómurinn það aðfinnsluvert dómur staðið var að sakbendingunni.

- jss

Kanna færar leiðir

Bæjarstjórinn á Seltjarnarnesi telur að kennarar og sveitarstjórnarmenn eigi að vera opnir fyrir möguleikum og láta reyna á það hvort ýmsar leiðir geti verið færar til að leysa kjaradeilu kennara og sveitarfélaga.

KJARAMÁL Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, telur að nokkrar leiðir geti komið til greina til að leysa kjaradeiluna við kennara, til dæmis að hvert sveitarfélag semji fyrir sig við sitt fólk eins og gert hafi verið í samningum við kennara áður en launanevnd sveitarfélaga varð til. „Það var á sínum tíma ósk Kennarasambandsins að gerðir yrðu heildarsamningar milli fulltrúa sveitarfélaganna og Kennarasambandsins. Það fyrirkomulag hefur verið við lýði síðan með sínum kostum og göllum,“ segir Jónmundur og kveðst ekki ætla að hafa frumkvæði að breytingum því hann sé ekki viss um að þetta myndi gera kjaraviðræður sveitarfélaga og grunnskólakennara farsælli.

„Enginn hefur lýst yfir að þetta ætti að gera. Ég hef sjálfur sagt að mér finnst það koma til



PUNGAR ÁHYGGJUR Stjórn samtakanna Heimilis og skóla hefur þungar áhyggjur af viðræðuslitum Launanevndar sveitarfélaga og fulltrúa Kennarasambandsins.

greina en þá hef ég lagt á það ríka áherslu að við sem sveitarfélag værum að semja beint við okkar kennara, ekki við Kennarasamband Íslands. Bæðir aðilar myndu þá segja sig frá þessum heildarpakka og ná saman augliti til auglitis.“

Jónmundur segir að bæði sveitarstjórnarmenn og kennarar hafi áhuga á öðru fyrirkomulagi en verið hefur. Það geti verið fólgið í því að launanevndin og samninganevnd KÍ stilli betur saman strengi og reyni að ná

saman en grundvallarsjónarmið áður en farið sé út í kjarasamningsgerðina sjálfa. „Mér finnst að menn eigi að vera opnir fyrir möguleikum og láta á það reyna hvort leiðin sé fær.“

Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla, segir að staðan í kennaradeilunni sé slæm og samtökin vilji að allir hlutist til um að leysa deiluna. „Það á að leita allra leiða til að leysa þennan hnút,“ segir hún.

ghs@frettabladid.is



OPNIR FYRIR MÖGULEIKUM „Mér finnst að menn eigi að vera opnir fyrir möguleikum,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi.


Ráðstefna

um verndun náttúrufars Skerjafjarðar

FÖSTUDAGINN 2. MARS 2007 · Í ÞRÓTTAMIÐSTÖÐ ÁLFTANESS · RÁÐSTEFNAN ER ÖLLUM OPIN

Sigurður Magnússon, bæjarstjóri Álfstaness, setur ráðstefnuna
Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, er fundarstjóri

- 13:00** Ávarp forseta Íslands, Ólafs Ragnars Grímssonar
13:10 Ávarp umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz
13:20 Skerjafjörður: Fuglar og búsvæðavernd, Dr. Guðmundur A. Guðmundsson, dýravistfræðingur, Náttúrufræðistofnun Íslands
13:50 Vákort af Skerjafirði. Dr. Kristján Geirsson, fagstjóri, Umhverfisstofnun
14:10 Fráveitumál í Skerjafirði, Sigurður Ingi Skarphéðinsson, Orkuveitu Reykjavíkur
14:25 Útivist - göngustíganet svæðisins, Þráinn Hauksson, landslagsarkitekt, Landslag
14:35 Útivist - siglingar á Skerjafjarðarsvæðinu, Tryggvi Tryggvason, arkitekt
14:45 Náttúru- og menningarmiðstöð á Álfstanesi - Jóna Finnsdóttir, framkvæmdastjóri Listaháskóla Íslands
14:55 Kaffi
15:25 Framtíðarsýn og stefnumörkun aðliggjandi sveitarfélaga
Seltjarnarnes: Þór Sigurgeirsson, formaður umhverfisnefndar Reykjavíkur: Þóroldur Jónsson, garðyrkjustjóri
Kópavogur: Friðrik Baldursson, garðyrkjustjóri Garðabær: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri
Álfstanes: Kristinn Guðmundsson, formaður skipulagsnefndar Hafnarfjörður: Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri
16:25 Fyrirspurnir og umræður
17:00 Ráðstefnuslit, Dr. Árni Bragason, forstöðumaður, Umhverfisstofnun



Schwarzenegger hinn góði: Vill að allir séu vinir í pólitík

BANDARÍKIN, AP „Af hverju geta demókratar og repúblikanar ekki bara sest niður og spjallað saman?“ spurði Arnold Schwarzenegger, ríkisstjóri Kaliforníu, í



ARNOLD SCHWARZENEGGER

ræðu sem hann flutti á fundi hjá félagi blaðamanna í Washington.

„Stjórnsmál snúast um málemiðlanir. Um að gefa og þiggja. Man enginn hér í Washington eftir þeim kafla í réttarfarsbókum sínum?“ Schwarzenegger, sem er repúblikani, hefur oft tekið afstöðu með demókrötum þvert ofan í vilja flokksfélaga sinna. Til dæmis vill hann að ákveðin verði tímaáætlun um brotthvarf bandaríska hersins frá Írak.

- gb

KÓPAVOGUR

Mikill munur á stúkusetum

Mikill verðmunur var á tveimur tilboðum sem bárust í stóla í nýja stúku Kópavogsvallar. Fyrirtækið Factus bauð 20,1 milljón króna en Global Sourcing London bauð 8,4 milljónir. Bæjarráð Kópavogs segir að samið verði við Global Sourcing um stólakaupin.



Vertu á verði!

Í dag lækkar matvöruverð á Íslandi

ASÍ óskar þjóðinni til hamingju með lækkun virðisaukaskatts og vörugjalda á matvörur. Verum á verði og gætum þess að lækkunin skili sér.

Dæmi um lækkun

Almennar matvörur lækka um **6,14%**

Sykur, súkkulaði og sælgæti lækka um **14%**

Gos, kolsýrt vatn, safar, kaffi, kakó, sætt kex, ís og sultur geta lækkað á bilinu **7-20%**

Fylgjumst með!

Reiknaðu út breytingar á vöruverði á heimasíðu ASÍ, www.asi.is





MUNKUR MÓTMÆLIR Fjörutíu munkar kröfðust þess á dögum að stjórnin í Víetnam hætti að kúga Kambódíumenn sem búa í sunnanverðu Víetnam. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hugo Chavez fékk óvænta hringingu frá Fidel Castro í beinni útsendingu:

Castro segist vera að ná sér

VENESÚELA, AP „Hver skyldi nú vera að hringja frá Havana?“ spurði Hugo Chavez, forseti Venesúela, og bað um kaffibolla skömmu eftir að símatími forsetans hófst í útvarpinu í Venesúela á þriðjudaginn.

„Guð minn góður, það er Fidel,“ hrópaði hann síðan þegar ljóst var að Fidel Castro frá Kúbu var á líninni.

„Hvernig hefurðu það?“ spurði Chavez og Castro sagðist hafa það gott. „Ég er að ná mér. Mér finnst ég vera kraftmeiri og sterkari og ég hef meiri tíma til að læra. Ég er orðinn námsmaður á ný,“ sagði hann við Chavez.



FIDEL CASTRO OG HUGO CHAVEZ Myndin er tekin þegar vinirnir hittast í Havana í lok janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þeir spjölluðu saman í hálf tíma, sögðust báðir lesa mikið og vera sífellt að læra meira. Þeir hrósuðu hvor öðrum fyrir gott minni og Castro sagði fréttir af verðhruni í kauphöllum í Kína og New York,

sem Chavez hafði ekki heyrt um þegar símtalið átti sér stað.

Þeir sögðust báðir vera afar bjartsýnir á framtíð byltingarinnar og töldu greinilegt að kapitalisminn væri allur á undanhandi.

Þátturinn var fluttur á Kúbu skömmu síðar og addáendur Castros í Havana voru himinlifandi. „Tónninn í rödd hans er fullkominn,“ sagði til dæmis 46 ára kona sem vinnur við tölvur og vildi ekki gefa upp annað nafn en Santa Elena.

Sorphirðumaður að nafni Cebeno sagði samtalið við Chavez sýna að Castro væri á góðum batavegi og myndi „birtast á ný“. - gb

Íslandi hrósað fyrir loftlagsmál

UMHVERFISMÁL Stavros Dimas, umhverfisráðherra Evrópusambandsins, lýsti ánægju með nýja stefnu Íslands í loftslagsmálum á fundi með Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra í gær. Hann sagði mikilvægt að tæknipækning Íslendinga á nýtingu jarðhita yrði aðgengileg og nýtt sem víðast í heiminum. Það myndi gagnast vel í baráttunni við loftlagsbreytingar.

Á fundinum ræddu ráðherrarnir loftslagsbreytingar og þá samninga sem framundan eru um aðgerðir gegn losun gróðurhúsalofttegunda eftir 2012, þegar Kýótó-bókunin fellur úr gildi. - sfs

Forsætisráðherra Finnlands:

Vanhanen haldi áfram

FINNLAND Um helmingur finnskra kjósenda vill að Matti Vanhanen, forsætisráðherra Finnlands og formaður Miðjuflokksins, verði áfram forsætisráðherra eftir þingkosningarnar í landinu um miðjan mars. Þetta kemur fram í skoðanakönnun sem dagblaðið Helsingin Sanomat lét gera.

Þó að vinsældir Vanhanens hafi aukist kemur einnig fram í könnuninni að Eero Heinäluoma, leiðtogi finnskra jafnaðarmanna, og Jyrki Katainen, formaður Hægri flokksins, halda svipuðum stuðningi og áður. Heinäluoma hefur stuðning ellefu prósent kjósenda en Katainen sjö prósent. - ghs

Sérsvaitin kölluð að sveitabæ í Rangárþingi ytra:

Hótaði að drepa konuna

LÖGREGLUMÁL Maður á fimmtugsaldri var handtekinn á sveitabæ í Rangárþingi ytra í gærmorgun eftir að hann hafði hótað að drepa fyrrverandi sambýliskonu sína. Fimm menn úr sérsvait Ríkislögreglustjóra aðstoðuðu lögregluna á Hvolsvelli og Selfossi við handtökuna því vitað var að maðurinn ætti skotvopn. Alls tóku tíu lögreglumennt þátt í að handtaka manninn.

Maðurinn og konan voru í sambúð en slitu samvistum fyrir nokkru. Konan flutti þá til foreldra sinna á næsta bæ. Maðurinn hafði oft sinnis áreitt hana á síðustu vikum. Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli hafði maðurinn verið

ölvaður í nokkra daga og ítrekað hótað henni símleiðis, en hún var stödd í Reykjavík þegar maðurinn var handtekinn. Konan var orðin hrædd um líf sitt.

Að sögn lögreglunnar á Hvolsvelli þorðu lögreglumenn á staðnum ekki annað en að kalla eftir aðstoð sérsvaitarinnar vegna þess að skotvopn voru á bænum. Maðurinn sýndi ekki mótþróa við handtöku. Lögreglan hefur áður þurft að hafa afskipti af mannum, sem á við áfengisvandamál að stríða. Hann var færður í fangageymslur á Selfossi, þar sem hann var látinn sofa úr sér og var yfirheyrður í gær. - ifv



VITNALEIÐSLUR Linda Jóhannsdóttir spjallaði við Jakob R. Möller, verjanda eins sakborninga, á göngum héraðsdóms í gær þegar stutt hlé var gert á þinghaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Jón Ásgeir gaf ekki fyrirmæli

Fyrrverandi fjármálastjóri Baugs segir forstjóra félagsins engin fyrirmæli hafa gefið um hvernig ætti að bóka meint lán í bókhaldinu. Umræddar færslur hafi ekki verið lán, og félagið ekki í lánastarfsemi.

BAUGSMÁL Forstjóri Baugs gaf aldrei fyrirmæli um hvernig ætti að bóka ákveðnar færslur í bókhald Baugs, að sögn Lindu Jóhannsdóttur, fyrrverandi fjármálastjóra Baugs.

Linda bar vitni fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, og svaraði spurningum sækjanda og verjenda um bókhald Baugs, til dæmis um meintar ólöglegar lánveitingar til stjórnenda Baugs og fyrirtækja þeim tengdum.

Hún sagði Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóra Baugs Group og einn ákærðu í málinu, ekki hafa gefið nokkur fyrirmæli um hvernig ætti að bóka færslur í bókhaldi félagsins, en hann er ákærður fyrir að hafa staðið að lánveitingum úr Baugi til tengdra aðila.

Hún sagðist sjálf hafa ákveðið að færa á ógreitt hlutafé Jóns Ásgeirs, systur hans, föður og fyrirtækja þeim tengdum á viðskiptareikninga þessara aðila. Til þess hafi hún ekki þurft nein fyrirmæli,

enda fjármálastjóri félagsins.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, spurði Lindu hvort hún hafi vitað til þess að Baugur hafi lánað fé á þeim árum sem hún starfaði hjá fyrirtækinu, utan við kreditkortaviðskipti í verslunum félagsins.

„Nei, ég man ekki til þess að við höfum verið í lánastarfsemi,“ sagði Linda, og sagði það sinn skilning að þær færslur sem ákærvaldið heldur fram að séu ólögleg lán til stjórnenda félagsins og tengdra aðila séu ekki lán heldur stöður á viðskiptareikningum viðkomandi.

Með ákveðnum færslum í bókhaldi Baugs fylgdi fylgiskjal sem skýrði færsluna sem lán. Spurð um þetta sagði Linda að ekki megi lesa of mikið í það, hún hafi útbúið umrædd skjöl í töflureikni til að hafa einhverja yfirsýn yfir færslurnar, skjölin hafi verið fremur stöðluð og orðið lán því þar inni.

bjann@frettabladid.is

FRUMKVÖÐLAVERÐLAUN ICELANDAIR 2007

Icelandair leitar að samstarfsaðila með hugmynd að vöru eða viðburði sem höfðað getur til erlendra ferðamanna. Vöruna eða viðburðinn þarf að vera hægt að bjóða upp á frá september 2007.

Sá er leggur fram bestu hugmyndina af þessu tagi hlýtur nafnbótina Frumkvöðull Icelandair (Icelandair Pioneer Award Winner) og verður afurðin sem slík tekin undir verndarvæng Icelandair og markaðssett erlendis á vefsíðum félagsins.

Verðlaunin eru 500.000 krónur og 10 farseðlar sem gilda á leiðum Icelandair til að kynna vöruna eða viðburðinn erlendis.

+ Tillögum skal skila í síðasta lagi þann 22. mars 2007, á einu A4-blaði, á frumkvodull@icelandair.is eða póstsenda með utanáskriftinni: Frumkvöðlaverðlaun Icelandair, Aðalskrifstofa Icelandair, Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík.



ORÐRÉTT

„En hver gaf fyrirmæli um að færa til peningana, þú fannst það ekki upp hjá sjálfri þér?“



Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, vildi fá skýr svör hjá Lindu Jóhannsdóttur.

„Nú bara man ég ekki hvað mér fannst á þessum tíma.“



Eins og fleiri vitni í málinu átti Linda Jóhannsdóttir erfitt með að rifja upp smáatriði sem hún var spurð um, enda spurt um samninga sem undirritaðir voru fyrir um sjö árum.

„Þetta er náttúrulega yfirheyrsluáferð sem er ekki boðleg.“



Gestur Jónsson sagði forsendurnar í sumum spurningum Sigurðar Tómasar til Lindu ekki boðlegar.

BAUGSMÁLID Í DAG

Tvö vitni munu koma fyrir dóm-inn í dag. Um er að ræða tvo fyrrverandi starfsmenn Baugs, þær Auðbjörgu Friðgeirsdóttur og Jóhönnu Waagfjörð, sem störfuðu á fjármálasviði.



„Hver geymir minningar mínar sem hafa fölnað?“

Kynntu þér Safnið á siminn.is

Við gerum minningar þínar ódauðlegar í **Safninu**

Safnið er öruggasti geymslustaðurinn fyrir stafrænu gögnin þín

Geymdu stafrænu ljósmyndirnar þínar og önnur gögn í Safninu, traustum stað þar sem reglulega eru tekin afrit af þeim. Í Safninu getur þú valið hvort þú vilt skoða myndirnar þínar í tölvunni eða á sjónvarpsskjánum.

Að auki gerir Safnið þér kleift að veita vinum og vandamönnum aðgang að völdum myndum eða senda þær beint í framköllun hjá Hans Petersen. Gerðu þínar minningar ódauðlegar, fáðu þér Safnið.

Nánari upplýsingar á næsta sölustað Símans á siminn.is eða í síma 800 7000

ENNEEM / SA / NM13168

Svona er Safnið einfalt



Þú tekur mynd með farsíma eða myndavél.

Sendir hana í tölvuna og þaðan beint í Safnið.

Þú hefur aðgang að Safninu gegnum Sjónvarp Símans.

Þú getur sent myndir úr Safninu til Hans Petersen sem framkallar þær.



1. - 5. mars

Kauphlaup

í Smáralind

25% afsláttur af töskum

6.495 kr.
Hvít leðurtaska



3.795 kr.
Svart spariveski



UNITED COLORS OF BENETTON.

20% afsláttur



af öllum vörum
í heimilisdeild

DEBENHAMS

EVITA PERONI
sóglæraugu

teg. VARLA

3.990 kr.
verð áður 9.990 kr.



ISIS



Handsmíðaðir silfurkrossar
Silfurmen m. blóðsteinsperlu

20% afsláttur

CARAT
HAUKUR GULLSMÍÐUR
S. 577 7740 · Smáralind · www.carat.is

Mögnuð tilboð á nýjum vörum

frá fimmtudegi til mánudags

George Foreman SNÚNINGSGRILL



Aðeins **4.500 kr.**
Verð áður **8.999 kr.**

Maturinn snýst í grillinu á meðan
glóðarteinninn grillar hann.

OFURTLBOÐ! byggto**g**búið
Smáralind Kringlunni

DÚNDURTLBOÐ!



Skór
1.990 kr.
Verð áður 3.990 kr.
St: 30-41

Zink

8.500 kr.
verð áður 13.400 kr.



3.900 kr.
verð áður 6.200 kr.

BIANCO[®]
FOOTWEAR

Kauphlaupstilboð

Collet Friday vesti	2490	990
Buy Penny gold bolir	2990	1490
Final piils	2990	1490
Cille 2/4 dress	4990	2990

VERO MODA[®]

OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD FIMMTUDAG!



„ORÐRÉTT“

Með annarri hendinni

„Hann tók aðeins of langan tíma þarna undir lokin. Var greinilega með einhvernum annan í símanum.“

ÞAÐ TÓK Á JÓHANN ÁGÚST HANSEN SEM KEYPTI MÁLVERK EFTIR KJARVAL Á 25 MILLJÓNUM KRÓNA FYRIR ÓNEFNDAN KAUPANDA.

Fréttablaðið 28. febrúar

Reykingsfólk er líka fólk

„Eftir sjö mánaða dvöl hér á landi langaði mig að láta eitthvað gott af mér leiða.“

FIANN PAWEL, PÓLSKUR ARKITEKT SEM REISIR ATHVARF FYRIR REYKINGAFÓLK Í GÖTUSMIÐJUNNI.

Morgunblaðið 28. febrúar

nær og fjær
tilveran

SJÓNARHÓLL
PRÓUN MIÐBORGARINNAR

Hjartað slær í miðborginni

Stórfelldar hugmyndir um uppbyggingu byggðar í og við Örfirsey hafa verið lagðar fram. Þær fela í sér miklar landfyllingar sem myndu breyta ásjónu miðborgarinnar töluvert. Guðbjörg Glóð Logadóttir, eigandi verslunarinnar Fylgífiska á Skólavörðustíg, segir þessar tillögur ekki vera efstar á óskalista sínum um þróun miðborgarinnar. „Mér finnst gaman að Reykjavík sé ekki eins og allar aðrar borgir. Að hún sé ekki mjög hávaxin og að húsin séu í mismunandi stærðum. Það er gott að við séum ekki hipp og kúl í öllu sem við gerum.“ Hún segist sátt við þá þróun sem átt hefur sér stað að undanförunu varðandi uppbyggingu á svæðinu. „Ég fagna þeim framkvæmdum sem hafa átt sér stað við bryggjuna í tengslum við fyrirhugað tónlistarhús og er ánægð með að það sé verið að grafa upp lækinn. Ég vona innilega að þær framkvæmdir heppnist vel. En ég vildi hafa blómlegra miðborgarlíf. Það er þar sem hjartað í borginni slær.“



GUÐBJÖRT GLÓÐ LOGADÓTTIR
Eigandi Fylgífiska.

Sprengjum varpað á hvali

Fiskifélag Íslands hafði forgöngu um hvaladráp með loftárásum bandaríska varnarliðsins fyrir hálfri öld. Með þessu átti að vernda reknet síldarsjómannanna á Faxaflóa. Nokkur hundruð hvalir voru drepnir á þennan hátt án sýnilegs árangurs.

Fiskifélag Íslands hafði forgöngu um að bandaríska flotinn varpaði sprengjum á háhyrninga á síldarmiðunum í Faxaflóa árið 1956. Farnar voru ítrekaðar ferðir til drápanna með þeim árangri að hundruð dýra eru talin hafa verið drepnir á þennan hátt. Þetta var „lokaatлага“ að hvólunum eftir að íslenskir sjómenn höfðu drepnið hvali með öllum tiltækum ráðum árin á undan. Ástæðan fyrir drápunum var sú að háhyrningarnir eyðilögðu reknet síldarsjómannanna.

Þetta er meðal þess sem rifjast upp við rannsókn kaldastríðsnefnd-



HÁHYRNINGAR.

arinnar svokölluðu á gögnum er varða öryggismál Íslands en dr. Hrefna Margrét Karlsdóttir sagnfræðingur birti grein árið 1998 þar sem sagt er frá þessari tilraun til að fæla hvali af síldarmiðunum suðvestan við landið. „Háhyrningurinn lagðist á netin og át úr þeim og við það eyðilögðust þau. Það varð enginn mælanlegur árangur af þessum loftárásum því háhyrningurinn hélt auðvitað áfram að éta síld. Íslenskir sjómenn höfðu drepnið háhyrning með ýmsu móti áður en þessi aðferð var reynd árin á undan; reyndar með aðstoð frá varnarliðinu.“ segir Hrefna sem hyggst birta ítarlega grein um „síldarstríðið“ á næstunni.

Aðdragandinn að loftárásum Bandaríkjahers á háhyrningsvöður eru skipulagðar árásir síldarsjómannanna sjálfra tveimur árum fyrr. Þá fékkst einnig stuðningur varnarliðsins með forgöngu Fiskifélags Íslands. Í september voru gerðir út 50 bátar frá Suðurnesjum og Reykjavík þar sem sjómennirnir voru vopnaðir eigin byssum en auk þess voru tveir varnarliðsmenn á hverjum bát vopnaðir vélbyssum. Á stuttum tíma var mikill fjöldi dýra drepinn og sjómennirnir greindu frá því síðar að sjórin hefði verið blóðlitaður hvert sem lítið var. Framtakið skilaði engu og því þótti reyndandi að fæla háhyrninginn í burtu með loftárásum.


„Mér skilst að notaðar hafi verið

um stöðum er ekki mikil umferð og mikið í húfi að maður komist alla leið fram og til baka.“ segir Hugrún sem býr á Egilsstöðum og keyrir til vinnu yfir Fjarðarheiðina á hverjum degi fyrir utan ferðir um kjördæmið.

„Starf mitt er afar fjölbreytt. Það felst í greiningu á börnum og ráðgjöf til foreldra og kennara. Svo sit ég nemendaverndar-ráðsfunni í skólunum og reyni að gefa ráðleggingar. Ég geri líka greiningar á börnum, til dæmis greindarpróf, ofvirknigreiningar og greiningar á athyglisbrestum.“ segir hún.

Hugrún er að sýsla í ýmsu utan vinnunnar. „Þegar maður er kominn út á land finnur maður að tíminn líður hægar og maður hefur meiri frítíma þannig að ég er farin að læra á píanó. Ég fór í fyrsta tímarnum á mánudaginn og leið svolítið eins og ég væri misþroska, risastór manneskja að læra á píanó, en þetta er gamall draumur og nú er ég byrjuð. Svo hef ég farið á skíði í Oddskarði og hestamannabál á Eiðum.“

Hugrún hefur mörg járn í eldinum. Hún er í startholunum að leita sér að framtíðarvinnu fyrir sunnan því að ráðningin á Reyðarfirði er aðeins út apríl. Hún er líka að leita sér að ljósmyndara því að hún stefnir að lausamennsku fyrir Hús og hífli fyrir austan. Þar er mikið af fallegum húsum sem lítið sem ekkert hefur verið sagt frá í blóðum en þar gæti sem sé orðið breyting þar á.



ÓJAFN LEIKUR Ekki fylgir sögunni hvaða tegund flugvéla var notuð til sprengjuárásanna. Þó að háhyrningarnir hafi tapað orrustum sínum við bandaríska herinn þá unnu þeir stríðið.

bæði venjulegar sprengjur og djúpsprengjur til að drepa háhyrninginn.“ segir Hrefna. „Heimildir benda til að nokkur hundruð

háhyrningar hafi verið drepnir með þessum loftárásum sem lauk árið 1957.“

svavar@frettabladid.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inni Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

*Gallup maí 2006

- Vel lesið



FYRIR OG EFTIR Það er ekki ofsagt að stuðningur Íslendinga skipti börnin í Mapútó miklu máli.

MYND/ÞSSÍ

Próunarsamvinnustofnun Íslands bætir aðbúnað í grunnskólum í Mósambík:

Skólabörnum boðið til sætis

„Grunnskólarnir hér í Mapútó eru allir þrískiptir og sumir fjórskiptir þannig að skólahúsgögn sem gefin eru fyrir íslenskt fé verða sannarlega vel nýtt og börnin sitja ekki lengur á gólfinu.“ segir Jóhann Pálsson, umdæmisstjóri Próunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ). Nýlukið er tilraunaverkefni ÞSSÍ og fræðsluþingvalda í höfuðborg Mósambík um endurbætur á aðbúnaði grunnskóla í

Mapútó. Verkefnið gaf það góða raun að viðræður um samstarfs-samning til nokkurra ára um slík verkefni standa yfir.

- Spilar DVD, DVD-R/RW, DVD+R/RW, (S)VCD, DiVX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA, JPEG
- DolbyDigital
- Útvarp með 40 stöðvaminnum
- Scart, Component, SVHS og CVBS
- 2 x Aux inn og Subwoofer út
- Digital Optical og Coaxial útgangur

Hátalarar úr gegnheilum rósarviði

29.999 kr.

Fullt verð ~~39.999~~



Philips MCM760

- Míkró samstæða - MP3
- 2x150w magnari
- Spilar MP3/WMA í gengum USB tengi
- Geislaspilari með MP3 afspilun
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og WMA
- FM útvarp með 40 stöðvaminnum
- USB, Aux inn og heyrnartóstengi
- Incredible Surround
- Dynamic Bass Boost
- Segulband

25% afsl.

19.999 kr.

Fullt verð ~~39.999~~



JVC UXS59

- Míkró samstæða
- 5 diska MP3 CD spilar
- 120w RMS magnari
- 5 diska MP3 Geislaspilari
- Spilar CD-R/RW
- RDS útvarp með 30 stöðvaminnum
- Active Hyper-Bass PRO, 2 stillingar
- Aux Inn að framan
- Heyrnartóstengi

4stk

50% afsl.

25.999 kr.

Fullt verð ~~39.999~~



SONY CMTNEZ50

- Míkró samstæða
- 25w magnari
- MP3 geislaspilari
- Spilar MP3, CD-R/CD-RW
- Segulband

15stk

35% afsl.



SONY HCDSZ50

- Míkró samstæða
- 50w magnari
- 3ja diska MP3 geislaspilari
- Spilar MP3, CD-R/CD-RW
- Segulband

10stk

33% afsl.

29.999 kr.

Fullt verð ~~44.999~~

Dúndur magnað pakkatilboð!



Dantax P2500

- 300w gólfhátalarar
- 2,5cm tweeter
- 13cm miðja
- Tveir 20sm bassar
- Tíðnisvið 25Hz - 20KHz
- 8 ohm

24.999 kr.

Fullt verð ~~29.999~~



Dantax PRO2040

- 2x100w útvarpsmagnari
- RDS útvarp með stöðvam.
- 4 x Audio inngangar
- 4 x Video inngangar
- Geislaspilari

29.999 kr. Fullt verð ~~34.999~~

54.998 kr. 10stk

Saman í pakka með 10.000 kr. afsl.

Fullt verð ~~64.998~~

OPNUNARTÍMI

Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.

Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.

Við erum beint á móti IKEA

MAX RAFTÆKI

MAX / Kaupúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

Tilboð gildir til 5. mars eða meðan birgdir endast.

FERMING

FERMINGARVÉLIN



Örgjörvi	2.13GHz Intel Core 2 Duo E6400 2MB cache, EIST, XD, VT, EM64T
Móðurborð	MSI 965P NEO-F - Core 2 Duo PCI-E 16x, SATA2, 4xDDR2 800
Minni	2GB DDR2 667MHz Corsair Corsair minni með listiðarabyrgð
Harðdiskur	320GB WD SE 16MB - SATA II SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjákerfi	256MB MSI Geforce7 NX7600GT 1.4GHz DDR3 - PCI-E 16x - Viftulaust
Skrifari	18xDVD±/8xDL skrifari Skrifari og les DVD og CD diska
Hljóðkerfi	7.1 Dolby Digital DTS EAX2 Frábært hljóðkerfi í leiki og bíómyndir
Hátalarar	2.1 Creative SBS380 hátalarakerfi 2 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort	Gigabit 10/100/1000 Hráðvirkt gigabit netkort
Stýrikerfi	Windows Vista Home Premium Oruggara og öflugra

GLÆSILEG ACE FERMINGAR TÖLVA Í FLOTTUM ÁL TURNI

INTEL CORE 2 DUO
Nýjasta tæknin frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkt

MSI ZERO NOISE
Ótrúlega öflugt skjákerfi sem þó er viftulaust og þar með 100% hljóðlaust með Zero Noise kælitækni

SATA II - 16MB
Ný kynslóð harðdiska frá Western Digital sem eru enn hljóðlátari og allt að 100% hraðvirkari

2.1 HLJÓÐKERFI
Creative SBS380 er glæsilegt og kraftmikið hljóðkerfi með 2 hátölurum og öflugum bassaboxi

ÍSLENSKIR STAFIR
Mjög vandad lykilorð frá Logitech með ábrændum íslenskum stöfum fylgir tölvunni

FRÁ
3.362
Á MÁNUÐI

VERÐ 119.900

FERMINGARTILBOÐ 2

FRÁ
2.802
Á MÁNUÐI KR

ACE SPECIAL EDITION

1.86GHz Intel Core 2 Duo E6300 örgjörvi með 2MB cache og EM64T
1GB DDR2 667MHz minni • 250GB WD SE SATA2 harðdiskur 8MB
256MB MSI Geforce7 NX7300GS PCI-E 16x viftulaust skjákerfi
18xDVD±/8xDL skrifari • 7.1 Dolby Digital hljóðkerfi • Gigabit netkort • 2.1 hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium

VERÐ 99.900

CREATIVE 7.1 T7900

FRÁ
502
MED TÖLVU Á TL LÁNI KR

CREATIVE

- Creative Inspire T7900 - Svart 7.1 hátalarakerfi 92W RMS
- 7 öflugir hátalarar (6x8W RMS og 20W RMS miðjuhátalari)
- Stórt kraftmikið bassabox, 6.5" bassakeila, (24W RMS)
- Dolby Digital EX, DTS ES og Microsoft DirectSound 3D stuðning

VERÐ 17.900

ONE NOTE

Microsoft

Microsoft OneNote 2003, eitt besta glósuforrit sem um getur (aðeins með nýrri tölvu eða Súperturni)

VERÐ 2.990

WACOM

TEIKNIBORÐ

Teikniboð með þrýsti næmum penna sem sendir upplýsingarnar beint inn á tölvuna, 1000dpi.

VERÐ 7.990

LOGITECH LX710

Logitech

Logitech er þráðlaust lykilorð með frábærum multimedia flýtihöppum. Þráðlaus geislamús með skrunhjóli fylgir

VERÐ 9.990

OFFICE 2007

Microsoft

Nýtt og öflugra Office með endurbættu útliti og fjölmörgum nýjum eiginleikum. Valmynda eiginleikar stytta helstu aðgerðir

VERÐ 14.900

ALLTAF BETRA VERÐ

Birt með fyrirvara um breytingar, innisferðir og myndbreytingar. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar fjnfr. ábætur. 3,5% stimpil og lánkúguld samn. vextum er innifalla. Vestr. eru samkvæmt ákvæðum TL á hverjum tíma og eru niðri 16,75%.

ARTIILBOÐ

ACER 5684



Örgjörvi 1.83GHz Core 2 Duo T5600
Intel 945PM Express 667FSB-2MB

Minni 2GB Dual DDR2 533MHz
Einfalt að stækka minnið í 4GB

Harðdiskur 160GB Ultra ATA100
5400RPM ATA100 harðdiskur

Skrifari 8xDVD±RW Slot DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW

Skjær 15,4" WXGA WideScreen skjær
Breiðjaldsskjær með CrystalBrite

Skjækort 256MB GeForce Go7600
Sjálftætt 256MB minni

Hátalarar Hjúðkerfi með 2 hátölurum
Hjúðkort, hátalarar og hjúðnemi

Netkort Gigabit 10/100/1000
Einnig innbygggt 56k mótal

Práðlaus 54Mbps práðlaus netkort
Einnig innbygggt Bluetooth kort

Stýrikerfi Windows Vista Home Premium
Öruggara og öflugra

Tengi 4xUSB2, Firewire, TV-út
S-Video út, PCMCIA, Infrared ofl.

FLOTT ACER FARTÖLVA ER FERMINGARGJÖFIN Í ÁR

INTEL CORE 2 DUO

Nýjasta tæknin frá Intel skilar sér í allt að 40% meiri hraða og minni orkuþörf en áður hefur þekkt



15,4" CRYSTALBRITE

Nýjasti 15,4" WXGA CrystalBrite skjærinn, 16ms viðbragðstími með ótrúlegri djúpt og skerpu



DVD±SKRIFARI

Super Multi 8xDVD DL skrifari með Slot-Load rauf sem þú stingur disknum beint í



GEFORCE GO7600

GeForce Go 7600 PCI-E 16X skjækort með 256MB sjálftætt GDDR2 minni! Windows Vista samhæft.



WINDOWS VISTA

Tölvan er uppsett með Windows Vista Premium ásamt öllum uppfærslum, tilbúin til notkunar



VEFMYNDAVÉL

1.3 Megapixel Acer Orbicam vefmyndavél innbyggð í skjáinn með 225° snúningsmöguleika



FRÁ
4.204
Á MÁNUÐI

VERÐ 149.900

19" GAMERS LCD

FRÁ **1.119** KR
MED TÖLVU Á TL LÁNI

acer

- 19" Acer 1951CS Gamers Edition LCD skjær
- 1280x1024 upplausn, 700:1 skerpa og 4ms viðbragðstími
- CrystalBrite tæknin skilar hámarks skerpu og litadýpt
- Acer Gamers er sérhannaður fyrir leiki og myndvinnslu

VERÐ 39.900

FERMINGARTILBOÐ 2

FRÁ **2.802** KR
Á MÁNUÐI

acer

Acer 5102WLMi • 1.6GHz AMD Turion64 TL-50 örgjörvi
1GB DDR2 minni • 120GB 5400RPM harðdiskur
8xDVD±RW DL skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite skjær
ATI Radeon Xpress 1100 skjækort • Gigabit netkort
Innbygggt Bluetooth • Windows Vista Home Premium

VERÐ 99.900

CORSAIR USB2

CORSAIR

Corsair USB 2.0 Flash Value Select er 1GB lítill og léttur minnislykill hröð afritun gagna • 10 ára ábyrgð

VERÐ 1.990

TARGUS BAKPOKI

Targus

Targus 15" blár og svartur bakpoki, frábær í skólann eða með í páskafríð, svört fartölvumús fylgir

VERÐ 6.990

TARGUS BAKPOKI

Targus

Targus 15" svört rúmgóð hliðartaska með axlaról. Nóg af rúmgóðum hólfum.

VERÐ 7.990

LOGITECH VX

Logitech

Práðlaus Logitech VX-Revolution fartölvumús með Hyper-fast scrolling, virkar jafnt á PC og Mac, USB2

VERÐ 7.990

TÖLVULISTINN

Tölvulistinn.	Nóatúni	17	Reykjavík.	☎	414 1700
Tölvulistinn.	Glerárgötu	36	Akureyri.	☎	414 1730
Tölvulistinn.	Hafnargötu	90	Keflavík.	☎	414 1740
Tölvulistinn.	Miðvangi	2-4	Egilsstaðir.	☎	414 1735

Þau etja kappi við Eirík í Helsinki

Hvert á fætur öðru velja lönd Evrópu nú þá söngfugla sem þau hyggjast senda til Helsinki. Af þeim 28 löndum sem þar etja kappi, eiga eingöngu Króatía, Tékkland, Portúgal og Serbía eftir að velja fulltrúa sína. Hér gefur að líta nokkra af þeim þáttakendum sem Eiríkur þarf að kljást við í maí.

Frá Danmörku kemur draggdrottningin DQ, með lagið Drama Queen. en það ku vera Peter Andersen sem brá sér í gervi DQ fyrir keppnina, en hann hefur undanfarið ferðast um Danmörku þvera og endilanga með draggsýningu þar sem hann bregður sér í líki Tinu Turner. DQ komst ekki upp úr undanúrslitunum til að byrja með. Hann hlaut hins vegar annað tækifæri, og fékk að taka þátt í úrslitunum, þar sem hann kom, sá og sigraði með það sem hlýtur að vera glæsilegasta höfuðfat keppinnar. Laginu, sem heitir einnig Drama Queen, er lýst sem gleðibombu og afar Eurovision-legu.

Noregur sendir hins vegar sjóuðu söngkonuna Guri Schanke, sem mun dilla sér við latínólagið Ven a bailar conmigo, sem útleggst á íslensku: Viltu dansa við mig? Svo skemmtilega vill til að Schanke tók nýlega þátt í norsku útgáfunni af dansþættinum Strictly come dancing, þar sem hún lenti í öðru sæti. Hún ætti því að vera í góðu formi fyrir keppnina sjálfa.

Tyrkneski keppandinn Kenan Dogulu hefur valdið nokkru fjaðrafoki í heimalandi sínu vegna ákvörðunar sinnar um að syngja



EIRÍKUR HAUKSSON Það skýrist óðum hvaða skemmtikrafta Eiríkur þarf að takast á við þegar hann mætir til leiks í undanúrslitunum í Helsinki.



PETER ANDERSEN ER DQ Drama Queen kom sá og sigraði í dönsku úrslitunum, þrátt fyrir að hafa upphaflega ekki komist upp úr undanúrslitunum.



GURI SCHANKE Norska söngkonan hefur reynslu af dansi úr norsku útgáfunni af Strictly come dancing, svo hún ætti að njóta sín vel á sviðinu í maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/NETIÐ

lagið Shake it up sekerim á ensku. Dogulu er vinsæll tónlistarmaður þar ytra, en tyrknesku tungumálasamtökini eru þó ekki þar hrifin af honum fyrir uppátækið. Sömu samtök lýstu yfir óánægju þegar Sertab Erener söng Every way that I can

fyrir Tyrkland árið 2003, og virðast ekki hafa látið sér segjast þó að Erener hafi farið með sigur úr býtum.

Frá Belgíu koma Crazy Mess Groovers með lagið Love Power. Í þeirri átta manna hljómsveit heita

meðlimir nöfnum á borð við Sexyfire, Mr. French Kiss, Big Boss og Mr. Dee Bee Dee Bop. Djasskotna fönk lagið Love Power er holdgerving einkunnarorða sveitarinnar, að breiða út ást og hamingju. Reglur Eurovision leyfa þó ekki fleiri en sex á sviðinu þegar atriðið er flutt, svo enn á eftir að koma í ljós hvernig Crazy Mess Groovers leysa úr þeim vanda.

Ungverjaland og Austurríki senda bæði sigurvegara úr hæfileikakeppnum á borð við Idol-keppni okkar Íslendinga. Kýpur veðjar hins vegar á reyndan hest í formi gyðjunnar Evridiki, en þetta verður í sjötta sinn sem hún stendur á sviði í Eurovisionkeppni, sem bakraddar- eða aðalsöngkona. Þá er enn ónefndur fjöldi keppenda, sem mun væntanlega taka til við að kynna lög sín fyrir Evrópubúum á næstu vikum. sunna@frettabladid.is



Vilja ekki kjarnaodda

Thom Yorke, Franz Ferdinand, Belle & Sebastian, Damon Albarn og Aphex Twin eru á meðal þeirra sem hafa skrifað undir yfirlýsingu þar sem óskað er eftir því að bresk stjórnvöld hætti við að endurnýja kjarnaodda sína.

„Rúmlega 60% Breta vilja ekki að oddarnir verði endurnýjaðir,“ sagði í yfirlýsingu. „Auk þess sem það myndi auka á hræsni stjórnvalda okkar, sem réðust inn í Írak vegna lyga um að þar væru kjarnorkuvopn.“



THOM YORKE Söngvari Radiohead er ósáttur við bresk stjórnvöld.

Bíóklúbbur MasterCard
www.kreditkort.is/klubbar




2 fyrir 1

Á sérstaka MasterCard
forsýningu í kvöld fimmtudaginn
1. mars kl. 20:00 á
SMOKIN ACES

Myndin er sýnd í
Laugarásbíói, Sambíóunum
Álfabakka og Borgarbíói Akureyri

Tilboðið gildir eingöngu fyrir MasterCard
korthafa, sem fá tvo miða á verði eins,
greiði þeir með kortinu.

Mundu eftir kortinu! MasterCard



Starfar með Jagger

Nýkrýndur Óskarsverðlaunahafi, Martin Scorsese, ætlar að starfa með söngvara Rolling Stones, Mick Jagger, við gerð myndarinnar The Long Play.

Scorsese mun leikstýra myndinni og Jagger framleiðir ásamt Victoriu Pearman. Hinn 63 ára Jagger fékk hugmyndina að myndinni fyrir nokkrum árum og ákvað að hrinda henni í framkvæmd.

Handritshöfundurinn William Monahan,



MARTIN SCORSESE Nýkrýndur Óskarsverðlaunahafi ætlar að starfa með Mick Jagger við gerð myndarinnar The Long Play.

sem er einnig nýkrýndur Óskarsverðlaunahafi fyrir The Departed, skrifar handritið.

Scorsese og Jagger hafa áður starfað saman við heimildarmynd um Rolling Stones, sem er væntanleg síðar á þessu ári.

Jagger, sem hefur sjálfur leikið í nokkrum kvikmyndum, vann Golden Globe-verðlaunin árið 2005 fyrir lag sitt og Dave Stewart í myndinni Alfie.

Hjálmar koma aftur saman

Reggísveitin vinsæla Hjálmar ætlar að koma saman á nýjan leik á tónleikum á Nasa 17. mars næstkomandi. Sveitin hætti störfum fyrir um það bil hálfu ári, eftir tveggja ára spilamennsku.

„Ég fann það þegar ég var að heyrja í mönnum úr öllum áttum að þetta var farið að kitla. Þegar maður er með þessa bakteríu þá er maður bara með hana,“ segir gítarleikarinn Guðmundur Kristinn Jónsson. Auk hans eru í sveitinni Svíarnir Nils Olof Törnqvist, Mikael Svensson og Petter Winnberg, ásamt þeim Þorsteini Einarssyni og Sigurði Halldóri Guðmundssyni.

Guðmundur Kristinn, eða Kiddi, útilokar ekki að Hjálmar haldi fleiri tónleika og hugsanlega semji ný lög. Segir hann að það muni allt koma í ljós en sem stendur nái plönin ekki lengra en að tónleikunum á Nasa. „Það hefur alltaf verið mikill þrýstingur á okkur að spila aftur saman. Þetta var búin að vera mikil törn þessi tvö ár sem við spiluðum og mikil vinna, sérstaklega fyrir Svíana. Þegar þeir koma þá er sofið í sófum þannig að þetta er ekkert lúxuslíf.“



HJÁLMAR Reggísveitin Hjálmar kemur saman á nýjan leik 17. mars næstkomandi á Nasa.

Svo kemur að því að menn sakna þess að spila þó að það sé erfitt,“ hann.

Hjálmar hafa gefið út tvær plötur sem nutu mikilla vinsælda hér á landi. Sú fyrri, Hljóðlega af stað, kom út árið 2004 og var m.a. valin rokkplata ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2005. Önnur plata Hjálma, sem var samnefnd sveitinni, var tekin upp á Flúðum og kom út haustið 2005.



DANIEL RADCLIFFE Kom á óvart á West End.

Harry sló í gegn

Daniel Radcliffe, sem leikur galdratrákinn Harry Potter, var ákaft fagnað að lokinni frammistöðu sinni í leikritinu Equus sem var frumsýnt á West End í London fyrir skömmu.

Þetta var í fyrsta sinn sem Radcliffe fór með aðalhlutverkið í leikriti og svo virðist sem hann hafi slegið rækilega í gegn í hlutverki hestatráksins Alans Strang. Á meðal þeirra sem sáu frumsýninguna voru leikarinn Christian Slater, Bob Geldof og sjónvarpsmaðurinn Graham Norton. „Daniel stóð sig ótrúlega vel. Ég tek ofan fyrir honum,“ sagði Slater. „Hann breyttist gjörsamlega í Alan Strang. Hann er hugrakkur og ævintýragjarn. Ég hefði mjög gaman af að vinna með honum.“

Gagnrýnendur voru einnig hrifnir af frammistöðu Radcliffes og sögðu að hann hefði sannað að hann gæti í raun og veru leikið en athygli hefur vakið að Radcliffe kemur nakinn fram í leikritinu.



GUSGUS Hljómsveitin GusGus heldur útgáfutónleika laugardagskvöldið 24. mars.

GusGus og Petter í mars

Hljómsveitirnar GusGus og Petter & The Pix halda útgáfutónleika á Nasa, laugardagskvöldið 24. mars. Þá fagnar GusGus útgáfu sinnar fimmtu hljóðversplötu, Forever, og Petter & The Pix fagnar útgáfu plötunnar Easily Tricked sem kom út undir lok síðasta árs. Forever kemur aftur á móti út næstkomandi fimmtudag.

Miðasala á tónleikana hefst í dag, sama dag og Forever kemur í verslanir. Fer hún fram í verslunum Skífunnar, BT Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi og á midi.is. Miðaverð er 2.000 kr. í forsölu, en 2.500 kr. á tónleikadag á NASA. Takmarkað magn miða er í boði í forsölu.

VINSÆLAR VÖRUTEGUNDIR MEÐ GÓÐUM AFSLÆTTI!

Kókoshnetudekur

Þrjár vörutegundir saman: Kremsaþa með kókosolíu (250ml), „Body Butter“-húðnæring, einnig með unaðslegri kókosolíu, auk grófra baðhanska í lit að eigin vali

1.990 kr.
Verð áður 2.770 kr.



1.990 kr.
Verð áður 2.770 kr.



Papæjadedekur

Þrjár vörutegundir saman: Sturtusaþa með rakagefandi, ilmgóðri papæjaolíu (250ml), „Body Butter“-húðnæring, einnig með papæjaolíu, auk grófra baðhanska í lit að eigin vali

Aloe vera-andlitsvörur

Fjórar vörutegundir saman: Hreinsimjólki (200ml), andlitsvatn (200ml) og dagkrem (50ml) – allt saman vörutegundir sem innihalda græðandi og rakagefandi aloe vera-gel – auk baðmullarskífna til andlits-hreinsunar

2.790 kr.
Verð áður 3.920 kr.



Vel nært og burstað hár

Þrjár vörutegundir saman: Rakagefandi sjampó með hunangi og möndluolíu (250ml) eða ólífusjampó sem ljær hárinu aukinn gljáa (250ml), hárkrem með Makadamíuhnetuolíu (150ml) og stór hárbursti

2.490 kr.
Verð áður 3.570 kr.



Sólgylltur farði

Tvær vörutegundir saman: Sólarpúður (þ.e. „Bronzing Powder“; fæst í tveimur litbrigðum) og farðabursti fyrir andlit og líkama

2.090 kr.
Verð áður 2.970 kr.



Vörur fyrir herrann. Heil taska í kaupbæti!

Allir sem kaupa eftirfarandi tvær vörutegundir: „Of a Man“-hár- & sturtusaþa (200ml) og „Of a Man“-svitalyktareyði (75ml) (samtals **2260 kr.**) fá – meðan birgðir endast – í kaupbæti glæsilega herrasnyrtitösku (að andvirði **1090 kr.**)

THE BODY SHOP.

Smáralind • Kringlunni • Akureyri

Sendum í póstkrofu sé þess óskað, sími 564 6552

Nýtt í bíó

the number 23 HEIMSFUMSÝNING MYND EFTIR JOEL SCHUMACHER

THE LAST KING OF SCOTLAND „STÖRFENGLEG MYND, SÁNNKÖLLUÐ PERLA NÚTÍMA KVÍKMYNDAGERÐAR“ D.Ó.J. - KVÍKMYNDIR.COM

NOTES ON A SCANDAL GLÓSUR UM SKANDAL

THE PURSUIT OF HAPPINESS ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL. KL. 4 OG 4.45 STUTTMYND

KÖLD SLÖÐ/COLD TRAIL M.J. - KVÍKMYNDIR.COM

PAN'S LABYRINTH M.M.J. - KVÍKMYNDIR.COM

LITTLE MISS SUNSHINE M.M.J. - KVÍKMYNDIR.COM

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Borgarbíó SÍMI 462 3500

<p>THE NUMBER 23 kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA</p> <p>THE LAST KING OF SCOTLAND kl. 5.20, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA</p> <p>THE LAST KING SÝND Í LÚXUS kl. 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA</p> <p>GHOST RIDER kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA</p> <p>THE PURSUIT OF HAPPINESS kl. 8 og 10.30</p> <p>ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL. kl. 4 og 4.45 STUTTMYND</p> <p>VEFUR KARLOTTU ISL. TAL. kl. 3.40</p> <p>NIGHT AT THE MUSEUM kl. 5.40</p>	<p>THE LAST KING OF SCOTLAND kl. 5.30, 8 og 10.35 B.I. 16 ÁRA</p> <p>NOTES ON A SCANDAL kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA</p> <p>PAN'S LABYRINTH kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA</p> <p>LITTLE MISS SUNSHINE kl. 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA</p> <p>KÖLD SLÖÐ/COLD TRAIL kl. 5.45 ENGLISH SUBTTILES B.I. 12</p>	<p>THE NUMBER 23 kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA</p> <p>GHOST RIDER kl. 5.50 og 10 B.I. 12 ÁRA</p> <p>NOTES ON A SCANDAL kl. 6 B.I. 12 ÁRA</p> <p>SMOKIN' ACES kl. 8 B.I. 16 ÁRA</p> <p>*M.A.S.T.E.R.C.A.R.D. F.O.R.S.Y.N.I.N.G.*</p> <p>MasterCard 2 FYRIR 1</p>
---	---	--

450 kr. í bíó! midi.is www.laugarasbio.is - allt á einum stað

Sími 553 2075 LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

the number 23 SÝND KL. 6, 8 OG 10 B.I. 16

SMOKIN' ACES SÝND KL. 8 OG 10.15 B.I. 16

WILL SMITH THE PURSUIT OF HAPPINESS SÝND KL. 5.45

KIRIKOU OG VILLIDYRIN SÝND KL. 6 (450 kr.) ÍSLENSKT TAL

www.laugarasbio.is MIDASALA OPNAR KL. 5:30

Músíktíraunir vinsælar

Skráning er hafin í Músíktíraunir Tónabæjar og Hins hússins. Strax á fyrsta degi höfðu rúmlega tuttugu hljómsveitir skráð sig til leiks en alls er pláss fyrir fimmtíu sveitir.

„Það kemur á óvart hversu mikil viðbrögðin eru og ég er ótrúlega ánægður. Ég er að upplifa þetta sem miklu meira en síðustu ár. Það virðist líka vera tölverð fjölbreytni í tónlistinni, allt frá elektro upp í gott hardcore-dót,“ segir Árni Jónsson, verkefnisstjóri Músíktírauna.

Undanúrslitin verða háð dagana 19. til 23. mars í Loftkastalanum og úrslitakvöldið verður laugardaginn 31. mars í Verinu hjá Loftkastalanum.

Hljómsveitirnar sem taka þátt þurfa að skila inn tveimur lögum á mp3-formi og er þáttökugjald sex þúsund krónur. Skráning fer fram á www.musiktilraunir.is og stendur yfir til föstudagsins 9. mars.

Tíraunirnar í ár verða þær 25. í röðinni á síðastliðnum 26 árum. Hljómsveitin Foreign Monkeys vann síðustu keppni og skráði sig þar með á spjöld íslenskrar tónlistarsögu.

FOREIGN MONKEYS Hljómsveitin Foreign Monkeys sigraði í Músíktíraunum í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Arcade gagnrýnir markaðsherferðir

Kanadíska hljómsveitin Arcade Fire hefur gagnrýnt ofursveitir á borð við The Rolling Stones, U2 og Oasis harðlega fyrir að keppast um að verða stærsta hljómsveit í heiminum.

Forspraki Arcade Fire, Win Butler, segir að markaðsherferðir sem sumar hljómsveitir nota neyði fólk til að hafa gaman af tónlist þeirra. „Það er ekki eins og við séum á móti velgengni en á sama tíma viljum við ekki troða henni upp í kokið á fólk,“ sagði Win í viðtali við NME. „Í Bretlandi er einhvers konar rokkstjörnukeppni. Ég veit ekki hvort U2, The Stones eða Oasis byrjuðu á þessu en margar hljómsveitir ætla sér að verða frægastar í heimi og gefa skít í þá sem hafa ekki sama metnað. Það finnst mér algjört bull,“ sagði hann. „Það er ekkert eins óáhugavert og að markaðssetja



ARCADE FIRE Forsprakinn Win Butler er á móti markaðsbrögðum í tónlistarbransanum.

allt í botn til að fólk verði að fíla eitthvað. Sumar hljómsveitir ráðskast með fólk til að það kaupir tónlist. Þannig virka nútíu prósent af tónlistargeiranum.“



BOBBY BROWN Rapparinn á í vandræðum með að borga meðlag.

Dæmdur í fangelsi

Rapparinn Bobby Brown hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi fyrir að borga ekki meðlag með tveimur börnum sem hann á með Kim Ward. Brown, sem er að ganga frá skilnaði við söngkonuna Whitney Houston, var handtekinn í Massachusetts er hann var í heimsókn hjá dóttur sinni. Skuldar hann ríkinu rúmar 1,3 milljónir króna í meðlag.

Brown hefur ekki mikla peninga á milli handanna þessa dagana, enda hefur hann ekki gefið út plötu í langan tíma. Hann sló í gegn með hljómsveitinni New Edition og hóf síðan vel heppnaðan sólóferil, sem smám saman hefur þó fjarað út.

Til hamingju - 10



vinningshafar frá

Frá leikstjóra English Patient og Cold Mountain

ST. ERSTA OPNUN Á FJÖLSKYLDUMYND Í BANDARÍKJUNUM Í ÁR

FRÁ PEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR

FRÁ LEIKSTJÓRA NARC

ÞÍÐ VITIÐ HVER HANN ER... HANNIBAL RISING ...SVONA BYRJADI ÞAÐ

FRÁ LEIKSTJÓRA NARC

MEGI BESTI LEIGUMORÐINGINN VINNA

Sýnd (Háskólabíó)

MasterCard

Kortþáttur frá 2 fyrir 1 kl. 8* *Gildir ekki í VIP sal

Háskólabíó

Háskólabíó		Háskólabíó	
BREAKING AND ENTERING	kl. 5:30 - 8 - 10:30	BLOOD DIAMOND	kl. 9
LETTERS FROM IWO JIMA	kl. 5:30 - 8 - 10:40	BABEL	kl. 10:40
PERFUME	kl. 6	FORELDRAR	kl. 6
DREAMGIRLS	kl. 8		

SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA		SAMBÍÓN / KRINGLUNNI		SAMBÍÓN / KEFLAVÍK		SAMBÍÓN / AKUREYRI	
BREAKING AND ENTERING	kl. 5:30 - 8 - 10:30	ALPHA DOG	kl. 5:40 - 8 - 10:30	GHOST RIDER	kl. 5:40 - 8 - 10:30	BRIDGE TO TEREIBITHIA	kl. 8
SMOKIN ACES MASTERCARD 2F1	kl. 8	PERFUME	kl. 5:20	THE BRIDGE TO TEREIBITHIA	kl. 5:50	MAN OF THE YEAR	kl. 10
SMOKIN ACES VIP	kl. 8	BLOOD DIAMOND	kl. 8 - 10:40	HANNIBAL RISING	kl. 8 - 10:30	ROCKY BALBOA	kl. 8
BRIDGE TO TEREIBITHIA	kl. 3:40 - 5:50	BABEL	kl. 10:40	ALPHA DOG	kl. 10:10	PERFUME	kl. 10:10
HANNIBAL RISING	kl. 8 - 10:30	VEFURINN HENN... M/- Ísl tal	kl. 3:40 - 5:50	VEFURINN HENN... M/- Ísl tal	kl. 5:50		
HANNIBAL RISING VIP	kl. 10:30	FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal	kl. 3:40				
		FORELDRAR	kl. 3:40				

Skráðu þig á **SAMBIO.IS**

www.SAMBIO.IS 575 8900 www.SAMBIO.IS

Victoria í raunveruleikabætti

Victoria Beckham hefur skrifað upp á tíu milljóna punda samning við bandarísku sjónvarpsstöðina NBC um gerð raunveruleikabáttaraðar um flutning Beckhamhjónanna á bandaríska grund. Upphæðin samsvarar um rúnum milljarði íslenskra króna. Eins og kunnugt er munu hjónin flytja til Bandaríkjanna í sumar, þegar David Beckham hefur æfingar með Los Angeles Galaxy í Englaborginni. Talskona Victoriu segir að í þáttunum verði skyggst inn í heim kryddþunnar fyrrverandi en hins vegar muni bera lítið á eiginmanni hennar og þremur sonum þeirra hjóna. Victoria hefur enda ætíð sagt að hún vilji leyfa börnum sínum að lifa eins eðlilegu lífi og vól er á. Simon Fuller, sem var umboðsmaður Kryddþianna, hafði milli-göngu um gerð samningsins. Hann

sagði bandarískar sjónvarpsstöðvar hafa keppt um að fá Victoriu til liðs við sig. „Við þurfum að fá rétta samninginn fyrir hana. NBC hafði betur að lokum, vegna þess að þeir hafa hrifist mjög af frábæru skopskyni Vic og vilja fókusera á það. Hún er myndin kona og nýja þáttaröðin mun sýna heiminum það,“ sagði Fuller. Lítið er enn vitað um þáttaröðina, og eins er óvíst hvernær hún verður tekin til sýninga. Því hefur þó verið fleygt að þættirnir muni fjalla mikið um tísku en eins og flestir vita er það eitt helsta hugðarefni Victoriu Beckham.

BECKHAM Í BEINNI
Raunveruleikabáttur Victoriu mun fókusera á frábært skopskyn hennar, en búist er við því að eiginmaður hennar, David Beckham, sjáist ekki mikið í þáttunum.



Sungið til styrktar Vímulausri æsku

Tónleikar til styrktar Vímulausri æsku – Foreldrahúsi verða haldnir fimmtudaginn 8. mars í Frikirkjunni í Reykjavík. Þeir sem koma fram eru: Páll Óskar og Monika, Ellen Kristjánsdóttir og Eyþór Gunnarsson, dúettinn Picknick, Hilmar Garðarsson trúbador, Halli Reynis trúbador, Elín Eyþórsdóttir og Helgi Valur Ásgeirsson. Kynnir verður Felix Bergsson. Tónleikarnir eru ætlaðir öllu fólki sem hefur gaman af lifandi tónlist og vill sýna hug sinn í verki til styrktar vímuvörnum meðal barna og unglunga. Miðaverð er 2.000 krónur og er hægt að kaupa miða í Foreldrahúsi við Vonarstræti 4b í Reykjavík og í sínum 511 6161 og 511 6163. Tónleikarnir standa yfir frá klukkan 19 til 20.30. Nánari upplýsingar má finna á www.vimulaus.is.



PÁLL ÓSKAR OG MONIKA Páll Óskar Hjálmtýsson og hörpuleikarinn Monika koma fram á tónleikumunum í Frikirkjunni.

milljónamæringar



Nú höfum við dregið út 10 milljónamæringa til viðbótar við þá 5.513 vinningshafa sem dottið hafa í lukkupottinn á þessu ári. Í mars bætast rúmlega 3000 vinningshafar við og yfir 30 milljónamæringar. Fáðu þér miða á hhi.is eða í síma 800 6611. Það tekur enga stund.

Slash skrifar ævisögu

Slash, fyrrverandi gítarleikari Guns N'Roses, ætlar að skrifa ævisögu sína. Hefur hann þegar selt réttinn á sögunni til útgáfufyrirtækisins HarperCollins. Mun hann starfa með rithöfundinum Anthony Bozza, sem hefur áður hjálpað rokkaranum Tommy Lee að skrifa sína sjálfsævisögu, Tommyland. Slash, sem er nú meðlimur Velvet Revolver, hætti í Guns N'Roses árið 1996 eftir að hafa lent í rifrildi við söngvarann Axl Rose.



SLASH Fyrrverandi gítarleikari Guns N'Roses ætlar að skrifa ævisögu sína.

áramótum

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
vænlegast til vinnings

FordFocus



Nýtt tákni um gæði

Veldu Ford Focus
Nýtt tákni um lífsgæði



Hönnun bíla á að vera gegnheil og í takt við nútíma hugmyndir fólks um betri lífsgæði. Lág bilanatíðni er ekki lengur, ein og sér, tákni um gæði bíla. Nútímafólk vill meira. Nýja hönnunin skal vera ekta - einlæg - og sameina gagnsemi, vistmildi og vestræna formfegurð. Vertu í hópi þeirra bestu. Vertu ekta. Veldu Ford.

Spurðu hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar merkir. Reynsluaktu Ford Focus.

Ford Focus Genuine Design. Hönnun Ford Focus sýnir í verki einlægann vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Reynsluaktu Ford Focus. Ekta hönnun Ford Focus: Þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri akstureiginleika og meira öryggi. Þú færð meira rými. Þú færð betra verð. Vertu genuine. Veldu Ford Focus.

Nýtt tákni um meira en gæði
Ford Focus Ambiente
1,6i 5 dyra 5 giranna
Verð 2.080.000 kr.*



Öruggur staður til að vera á



LEBRON JAMES Segist hafa þroskast mikið við að verða faðir.

LeBron James:

Raðar niður börnum

KÖRFUBOLTI Hin 22 ára gamla NBA-stjarna LeBron James lætur til sín taka utan vallar sem innan en hann hefur nú tilkynnt að unnusta sín eigi von á öðru barni þeirra í sumar.

„Ég held að hún sé búkuð 17. júní, ekki spyrja þabbann, spyrjið mömmuna,“ sagði James kjánalegur en fyrir eiga skötujuin tveggja ára son sem er nefndur í höfuðið á föður sínum. James ætlar þó ekki að fara sömu leið og hnefaleikakappinn George Foreman sem nefndi alla fimm syni sína í höfuðið á sjálfum sér.

„Það gerist aldrei. Það verður enginn LeBron II, Le Bron III og LeBron IV, þið megið bóka það,“ sagði James hlæjandi. - hbg

Manchester City:

Mikið tap

FÓTBOLTI Enska knattspyrnufélagið Manchester City tapaði rúmum sjö milljónum punda á sex mánaða tímabili fram að nóvember í fyrra. Það gera rúmar 900 milljónir íslenskra króna.

Þetta er nokkuð áfall fyrir félagið enda var hagnaður þess á sama tíma árið á undan tæpar 17 milljónir punda. Inni í þeirri tölu var reyndar salan á Shaun Wright-Phillips til Chelsea upp á 21 milljón punda. - hbg

Spennan farin að magnast fyrir bardagann á milli Mayweather og De la Hoya:

Mayweather eldri yfirgaf De la Hoya og fór til sonarins

BOX Bardagi ársins fer fram í Las Vegas 5. maí næstkomandi þegar stórstjörnurnar Oscar de la Hoya og Floyd Mayweather yngri mætast. Margt er áhugavert við þennan bardaga og ekki síst sú staðreynd að þjálfari De la Hoya til fjölda ára er faðir Floyd's Mayweather.

Mayweather eldri hafði ekki talað við son sinn í mörg ár en hann var í fangelsi vegna lyfjamaða er sonurinn vann gullverðlaun á ólympíuleikunum árið 1996. Upp úr sambandi þeirra slitnaði í kjölfarið og úr varð að Mayweather eldri fór að þjálfra De la Hoya en hann þjálfaði son sinn á yngri árum.

Samstarf Mayweathers eldri og de la Hoya hefur verið með miklum ágætum enda hefur de la Hoya verið á meðal fremstu boxara heims undanfarnar áratug.



STÁL Í STÁL Bardagi þeirra Oscar de la Hoya og Floyd Mayweather yngri hinn 5. maí næstkomandi verður rosalegur.

Mayweather fór síðan fram á að fá tvær milljónir dollara fyrir að þjálfra de la Hoya gegn syni sínum en það fannst boxaranum einfaldlega of mikið og því skipti hann um þjálfara. Kallinn dó ekki ráða-

laus og hefur nú sæst við son sinn og mun vera í horninu hjá honum gegn de la Hoya. Oscar hefur aftur á móti ráðið hinn virta Freddie Roach sem þjálfara fyrir bardaganum. - hbg

George W. Bush Bandaríkjaforseti tók á móti NBA-meisturum Miami Heat:

Bush gat ekki látið boltann skoppa

KÖRFUBOLTI Hefð er fyrir því að Bandaríkjaforseti taki á móti meisturunum í vinsælustu íþróttagreinunum í Bandaríkjunum. Á þriðjudag tók George W. Bush á móti NBA-meisturum Miami Heat og var það skemmtileg uppátæki.

Allt gekk vel þar til stillt var upp í hópmyndatöku. Þá ætlaði Bush að láta boltann skoppa en ekki vildi betur til en svo að boltinn nánast féll eins og grjót í gólf-

ið þannig að Bush gat ekki gripið hann aftur. Uppsakar atvikið mikil hlátrasköll viðstaddra og ljóst að Bush átti ekki framtíð fyrir sér í körfuboltanum.

Bush hrósaði liðinu mikið í ræðu sinni og lagði áherslu á að það hefði verið liðsheildin sem hefði fært Heat sigurinn. Engu að síður var nokkuð um stjórnumeðferð hjá forsetanum því þeir Dwyane Wade, Shaq O'Neal og Pat Riley gengu ekki inn með liðinu

heldur voru sérstaklega kallaðir á svæðið.

Það vakti ekki síður kátínu viðstaddra þegar hinn tröllvaxni O'Neal afhenti Bush áritaðan körfubolta og þurfti nánast að beygja sig niður til að rétta honum boltann. - hbg

STÓRI OG LITLI Shaq færir hér forsetanum áritaðan bolta frá leikmönnum Miami Heat. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Læti hjá Chelsea:

Robben reiður

FÓTBOLTI Hollenski vængmaðurinn Arjen Robben er orðinn þreyttur á því að sitja á bekknum hjá Chelsea og fer ekki leynt með þá skoðun sína lengur. Korníð sem



ARJEN ROBBEN Ekki ánægður með José Mourinho.

fyllti mælinn var bekkjarsetan í úrslitaleik deildarbikarsins gegn Arsenal.

Hollensk sjónvarpsstöð, sem tók viðtal við hann eftir leikinn, sagði frá því að fólk í Hollandi væri ósátt við að horfa á hann á bekknum.

„Það fólk er ekki nærri eins reitt og ég. Ég var ánægður með stoðsendinguna í leiknum þar sem ég minnti á mig,“ sagði Robben, sem hefur komið níu sinnum af bekknum í vetur. „Það er samt kominn tími á að ég byrji inn á.“ - hbg



Lúxus á einstöku verði

Úrval lúxusbíla á einstöku tilboði í takmarkaðan tíma. Komdu núna í **Bíland B&L** og gerðu frábær kaup!



BMW 530i

Nýskr: 09/2003, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár

Ekinn 25.000 þ.

Verð kr. 4.890.000

Tilboð kr. 4.220.000



LAND ROVER - RANGE ROVER

Nýskr: 09/2003, VOGUE 4400cc
Sjálfskiptur, silfurgrár

Ekinn 67.000 þ.

Verð kr. 7.480.000

Tilboð kr. 6.450.000



PORSCHE Cayenne S

Nýskr: 10/2004, 3000cc
Sjálfskiptur, dökkgrár

Ekinn 90.000 þ.

Verð kr. 5.680.000

Tilboð kr. 4.660.000



BMW X5 INDIVIDUAL

Nýskr: 01/2005, 3000cc
Sjálfskiptur, grænsanseraður

Ekinn 59.000 þ.

Verð kr. 5.150.000

Tilboð kr. 4.350.000



TOYOTA Land Cruiser V6

Nýskr: 01/2006, 4000cc
Sjálfskiptur, hvítur

Ekinn 19.000 þ.

Verð kr. 5.420.000

Tilboð kr. 4.650.000



VOLVO XC90 V8

Nýskr: 11/2005, 4400cc
Sjálfskiptur, hvítur

Ekinn 15.000 þ.

Verð kr. 6.190.000

Tilboð kr. 4.950.000



M-BENZ E200

Nýskr: 05/2006, 1800cc
Sjálfskiptur, silfraður

Ekinn 6.000 þ.

Verð kr. 4.690.000

Tilboð kr. 3.750.000



LAND ROVER - RANGE ROVER

Nýskr: 07/2004, 3000cc dísel
Sjálfskiptur, ljósgrænn

Ekinn 45.000 þ.

Verð kr. 6.780.000

Tilboð kr. 5.850.000



NÝI BÆKLINGURINN KOMINN



Bolur

1.590,-



Kjól 6-18
8.390,-



Kjól 6-18

8.190,-



NEXT

Kringlunni sími 551 3200

Í KVÖLD

SKJÁR EINN KL. 20.30

Malcolm in the Middle

Hinn skrautlega fjölskylda Malcolms er komin aftur á skjáinn og að þessu sinni fellur strákurinn fyrir skólasystur sinn sem vill ekkert með hann hafa. Malcolm in the Middle eru einhverjir allra vinsælustu gamanþættir sem framleiddir hafa verið og þykja bæði rætin og skemmtileg háðsdeila á vísitölufjölskylduna í Bandaríkjunum. Foreldrar Malcolms eru með skrautlegra móti og varla þarf að taka fram hversu skrytnir bræður Malcolms eru. Malcolm sjálfur telur sig vera eðlilegan og veltir því ósjaldan fyrir því hvers vegna svona gáfaður og velgefinn drengur skuli þurfa að hlísta með þessum brjáluðu fjölskyldumeðlimum. Aðalhlutverkið er sem fyrr í höndum Frankie Muniz en hann hefur á undanförmum árum verið að reyna við leik á hvíta tjaldu með misjófnum árangri. Verður forvitnilegt að vita hvort framtíð hans verði jafn þyrnum stráð og líf annarra barnastjarna sem oftar en ekki hafa komist í kast við lögin þegar aldurinn færast yfir og frægðarsólin fer lækandi.



VIÐ MÆLUM MEÐ HOUSE SKJÁREINN 22.00

Læknabættirnir um lækninn Gregory House hafa slegið í gegn og jafnvel eru Bandaríkjamenn búnir að taka hinn enskumæltu lækni í sátt. Hugh Laurie hefur hlotið mikið lof fyrir túlkun sína á dr. House sem þykir meira en lítið skapstírður og gefur lítið fyrir hefðbundnar aðferðir starfsbræðra sinna. Þættirnir hafa verið verðlaunaðir í bak og fyrir en þar fer fremstur í flokki Laurie sem þegar hefur hlotið tvö Golden Globe-verðlaun í röð fyrir leik sinn í þáttunum. Þar að auki hafa þættinum áskotnast þó nokkur Emmy-verðlaun og ljóst þykir að sjónvarpsáhorfendur eru hvergi nærri búnir að fá nóg af læknum og sjúkrahúsum á skjánum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 07.00 Fréttir
 - 07.05 Morgunvaktin
 - 08.00 Fréttir
 - 09.00 Fréttir
 - 09.05 Laufskálinn
 - 09.45 Morgunleikfimi
 - 10.15 Litla flugan
 - 11.03 Samfélagið í nærmynd
 - 12.03 Hádegisútlit
 - 12.20 Hádegisfréttir
 - 12.45 Veðurfregni
 - 12.50 Dánarfregni og auglýsingar
 - 13.00 Vitt og breitt
 - 14.03 Útvarpsagan: Snorrabraut 7
 - 14.30 Hlustir
 - 15.03 Fallegast á fóninn
 - 16.00 Fréttir
 - 16.10 Veðurfregni
 - 16.13 Hlaupanótan
 - 17.03 Viðsjá
 - 18.00 Kvöldfréttir
 - 18.25 Spegillinn
 - 19.00 Vitiinn
 - 19.27 Símfóniútlit
 - 22.00 Fréttir
 - 22.10 Veðurfregni
 - 22.15 Lestur Passíusálma (22:50)
 - 22.23 Þættir úr Íslenskri leikritun: Frystikista og svo falleg augu
 - 23.15 Hlaupanótan
 - 00.00 Fréttir
 - 00.10 Útvarpað á samtengdum rásum
- FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

16.50 FA Cup 2006 (Blackburn - Arsenal) Útsending frá leik í ensku bikarkeppinni í knattspyrnu.

18.30 PGA Tour 2007 Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.

19.25 Inside the PGA Tour 2007 Inside the PGA tour er frábær þáttur þar sem golf-áhugafólk fær tækifæri til þess að kynna betur kyllingunum í bandarísku PGA-mótaröðinni.

19.50 Zaragoza - Barcelona Bein Útsending frá leik í spænsku bikarkeppinni í knattspyrnu.

21.30 Football Icon Football Icons er enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspylmenn keppa um eitt sæti í her-búðum Englandsmeistara Chelsea. Sjö þúsund samningslausir knattspylmenn á aldrinum 16-18 ára skráðu sig til leiks og fjórtán voru valdir til þess að taka þátt í þessum vikulegu þáttum. Einn dettur út í hverjum þætti þar til þeir eru eftir í lokaþættinum.

22.15 Augusta Masters

23.10 Þýski handboltinn Þáttur um þýska handboltann þar sem fjölmargir Íslendingar eru í sviðsljósinu.

23.40 Þýski handboltinn (Gummersbach - Flensburg) Útsending frá leik Gummersbach og Flensburg í þýska handboltanum.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

05:30 Karlsson på taget 06:00 Den lille prinsesse 06:10 Peter Pedal 06:30 Det, der med børn 07:00 Magnus og Myggen 07:15 Rubbadubbers 07:30 Hvad er det værd 08:00 En reporter går om bord 08:30 Nyheder fra Grønland 09:00 Viden om 09:30 Sygedag eller arbejdsdag? 10:00 DR-Derude i Den Kongelige Have 10:30 Manden og hestene 11:00 TV Avisen 11:10 Penge 11:35 Grøn glæde 12:00 Kongehuset 12:25 Aftenshowet 13:20 De Forældreloes kor 13:50 Nyheder på tegnsprog 14:00 TV Avisen med vejret 14:10 SPAM 14:30 Boogie Update 15:00 Liga 15:30 Fuglen der ville spises 15:35 Frikvarter 16:00 Barda 16:30 Fandango 17:00 Aftenshowet 17:30 TV Avisen med Sport 17:55 Aftenshowet med Vejret 18:30 Rabatten 19:00 Vores planet 20:00 TV Avisen 20:25 Task Force 20:50 SportNyt 21:00 The Big Hit 22:30 Det Vildeste Westen 22:45 Flemmings Helte 23:00 Den 11. time 23:30 Liga

DR 2

08:25 Den 11. time 08:55 Folketinget i dag 16:00 Deadline 16:10 Atletik: 19:00 Tidsmaskinen 19:50 Under kilen 20:40 Normalerweise 21:00 Højt spin 21:30 Deadline 22:00 Koma 22:25 Grønsenstrømer

SVT 1

00:10 Bingo Royale 00:55 Sändningar från SVT24 05:00 Gomorron Sverige 08:30 Lilla löpsedeln 08:45 Runt i naturen - Alice i Energilandet 08:55 Banderoll 09:10 Mellan raderna 09:15 Runt i naturen 09:20 Sila tuggat! 09:30 Morfis kod, 09:45 Runt i naturen 09:55 Runt i naturen 10:05 Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter 10:15 Runt i naturen 10:20 Safari Europa 10:25 Safari Europa 11:00 Rapport 11:05 Argument 13:30 Mitt i naturen 14:00 Packat & klart 14:30 Prins Joachims Schackenborg 15:00 Rapport 15:10 Gomorron Sverige 16:30 Pi 16:45 Sagoträdet 17:00 Nalle har ett stort blått hus 17:25 Dagens visa 17:30 Undringar 17:35 Ozzy och Drax 18:00 Lilla Aktuellt 18:15 Bobster 18:30 Rapport 19:00 Antikrundan 20:00 Djur med känsla för fara 20:50 Tull och tyll 21:00 Milosevic inför rätta 22:00 Rapport 22:10 Kulturmytterna 22:20 Uppdrag Granskning Granskande samhällsprogram. 23:20 Entourage 23:50 Sändningar från SVT24

VIÐ ÖPNUM NÝJA VERSLUN



Nokia 7373
Hätækni: kr. 34.995
Farsímalagerinn.is: kr. 29.990

Nokia 5140i
Síminn: kr. 15.900
Farsímalagerinn.is: kr. 12.990

Nokia 6021
Vodafone: kr. 16.900
Farsímalagerinn.is: kr. 9.990

Nokia 1112
Vodafone: kr. 5.990
Farsímalagerinn.is: kr. 4.395

Motorola PEBL
Almennt verð um 20.000
Farsímalagerinn.is: kr. 15.990



Bluetooth búnaður
Vertu öruggari í umferðinni!
kr. 2.990



NÝ VERSLUN, LAUGAVEGI 178

Farsímalagerinn.is

OUTLET 10

+++ merki fyrir minna +++



VIÐ GÖNGUM LENGRA!

SKÓMARKAÐUR SEM GENGUR UPP!

Komdu í Outlet 10 og skóaðu þig upp. **CONVERSE** og **DIESEL** á ótrúlegum kjörum. Einnig mikið úrval af flottum fötum á vana menn, villtar meyjar og vandræðabörn.



Lee



DOCKERS

Wrangler

MISS SIXTY.

Formano



FAXAFEN 10
SÍMI: 534 4450

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LÖGFRÆÐIADSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands



Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

Okkar 11. september

Rík er sú tilhneiging hjá ráðamönnum að bregðast við aðsteðjandi vanda með því að skerða mannréttindi borgaranna. Fyrsta hugsunin þegar áföll dynja á er að pakka í vörn, gefast upp fyrir heilbrigðri skynsemi, hugsa að nóg sé komið af hinu hræðilega frelsi og að það – þ.e. fólkið sem við kusum í ábyrgðarstöður – sé eitt fært um að hugsa fyrir heildina og leysa málin.

PANNIG héldu margir – og halda kannski enn – að lífið eftir 11. september yrði aldrei eins og fyrir 11. september. Ég sé engan mun nema að maður er lengur að hökta í gegnum flugstöðvar. Samt fóru allir yfir um á tímabili. Lífskilyrði okkar áttu á versna, frelsið að gufa upp. Þjánalegar litamerkingar um yfirvofandi ógnir dundu á okkur úr fréttatímum og Víkingasveitin spúlaði bögglasendingar í atómsprengjugöllum. Allt bráðfyndið svona eftir á.

SÍÐASTA vika var okkar 11. september. Nú voru það ekki framandi illmennir sem flugu á Tvíburaturna heldur framandi dónar sem ætluðu að gista í Bændahöllinni og hugsanlega að eðla sig í snjóskafla. Tilhugsunin var óyfirstíganlega hræðileg og því fóru allir – og þá meina ég „allir“ í merkingunni þeir sem tala hæst – yfir um. Hver um annan þveran fundu viðkvæmir karlar í ábyrgðarstöðum sig knúna til að segja okkur að þeir fyrirlitu hinn ónefnanlega óþverra, hvattir áfram af bálræiðum konum sem fóru á kostum í vitleysunni og hræðu öllu saman í einn andstygðargraut.

HEILBRIGÐ skynsemi átti ekki séns í moldviðrinu og því fór sem fór. Árásinni var hrundið og meint víðsýnt og umburðarlynt nútíma-fólk gladdist innilega þegar óaf-sakanleg mannréttindabrot voru framin á sárasklausum Evrópubú-um, sem höfðu framið þann eina glæp að hafa aðra lífsafstöðu en hinir víðsýnu Íslendingar.

ÖFUGSNÚIÐ? Já. Upplýsandi? Já. Knúinn áfram af húrrahrópum jákórsins og ímyndaðri stemningu (sjá könnun Fréttablaðsins á þriðjudag) beit Steingrímur Jod hausinn af skömminni með „netlöggu“-tali sínu í Silfri Egils. Er maðurinn sem vildi halda áfram að banna bjór heppilegastur til að ákveða hvað má eða má ekki á netinu?

PETTA atvik sýndi okkur ekki bara hvert staurblind pólitísk réthugsun getur leitt, heldur líka – þrátt fyrir blauta drauma um annað – hversu innilega lítið og lummulegt Ísland er. Hvar annars staðar hefði annað eins uppnám orðið út af engu? Jú, líklega í Færeyjum.



Allt er gott sem endar vel



Gott viðmót skiptir miklu máli. Af þeim sem hringdu í þjónustuver Vodafone voru 96,4% ánægðir með móttökurarnar.* Við leggjum allan okkar metnað í að aðstoða þig eins vel og kostur er þannig að öll mál fái farsælan endi.

1414 – og vandamálið er úr sögunni

Gríptu augnablikið og lifðu núna

Pioneer

...er gleðigjafi!



PIONEER DCS-353
5.1 RÁSA HEIMABÍÓKERFI



Pioneer
MED FULLKOMNA FORYSTU

- Kraftmikill 360W RMS magnari
- HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið
- USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
- Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX



Tilboðsverð: 49.900,- kr.

ORMSSON

ELLEFU VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT